Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga

# Fornleifaskráning Húnavatnshrepps

## Auðkúla og Stóridalur



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2010/101

Forsíðumynd: Varða á Kúlunni, horft er til norðvesturs yfir Auðkúlu og Svínavatn.

**© Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga**

**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**
**2010/101**

**EFNISYFIRLIT**


**INNGANGUR ........ 2**

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA ........ 3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU ........ 4
HELSTU MINJAFLOKKAR ........ 5

**STÓRIDALUR – SÖGUÁGRIP ........ 8**

FORNLEIFASKRÁNING ........ 11

**AUÐKÚLA – SÖGUÁGRIP ........ 42**

FORNLEIFASKRÁNING ........ 46

**SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR ........ 71**

MINJAR Í LANDI STÓRADALS ........ 71
MINJAR Í LANDI AUÐKÚLU ........ 72
NIÐURLAG ........ 73

**HEIMILDASKRÁ ........ 75**

# Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa á 11 jörðum í Húnavatnshreppi vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru í sumar voru Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóridalur, Reykir, Auðkúla, Stóra-Giljá, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir. Efni þessarar skýrslu eru Stóridalur og Auðkúla sem fyrrum voru í Svínavatnshreppi.

Um var að ræða heildarskráningu þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; bæjarstæði og aðrar minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum.

Vettvangsvinna fór fram á sumarmánuðum 2009 og var hún unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi S. Stefánssyni fornleifafræðingi. Heimildavinna var unnin af Berglindi Þorsteinsdóttur fornleifafræðingi.

Heimildamenn okkar fá bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.
Þeir eru eftirfarandi fyrir Stóradal:
Kristján Jónsson bóndi í Stóradal
Sigurbjörg Þórunn Jónsdóttir Litladal, fædd í Stóradal og annað heimilisfólk í Litladal.
Þórey Jónsdóttir bóndi í Keflavík í Skagafirði, fædd og uppalin í Stóradal.

Og fyrir Auðkúlu:
Valdimar Trausti Ásgeirsson, Auðkúlu I.
Guðrún Sigurjónsdóttir Auðkúlu II.
Jóhann Halldórsson bóndi í Holti í Svínadal.

Jafnframt viljum við þakka landeigendum og Ásdísi Arnljótsdóttur sem leyfði birtingu mynda úr hennar eigu frá Auðkúlu og Sléttárdal.

## *Tilgangur fornleifaskráninga*

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

<u>Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.</u>

### *Aðferð við skráningu*

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn í Stóradal númerið 1 (auðkennt Stóridalur – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvr. nr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir bæjarstæði Stóradals (Stóridalur – 1) 11745.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða er til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Lega minja er sýnd á svarthvítum loftmyndum frá Landmælingum Íslands sem hnitaðar voru af starfsmönnum fornleifadeildarinnar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir vara á slíku aldursmati nema þar sem áreiðanlegar heimildir fyrirfinnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitatöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## *Helstu minjaflokkar*

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

**Minjar í túni**

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

**Aðrar minjar**

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

**Minjar í eða við tún**

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*****:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús*****:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

***Hrútakofar*****:** Smærri kofar oft yst í túni.

***Lambhús*****:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

***Hesthús*****:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur*****:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

***Kofar*****:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

***Brunnar*****:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan

hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

***Myllur*****:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

***Kvíar*****:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

**Minjar utan túns**

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar*****:**Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

**Stekkir,** sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í

þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.
**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.
**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.
**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

# Stóridalur – söguágrip



**Mynd 1. Stóridalur, horft er til norðvesturs og Svínavatn í baksýn.**

Í Húnaþingi II (bls. 235) segir um Stóradal: „Það er ættarjörð. Guðmundur Jónsson frá Skeggsstöðum, seinna nefndur „ríki“, eignaðist jörðina og flutti á hana 1792. Eftir hann hafa niðjar hans jafnan átt jörðina og setið hana að mestu leyti. Beitilandið er kjarngott og víðáttumikið og einnig nægilegt ræktunarland. Áður bjó þar Jón Jónsson alþm. og k.h. Sveinbjörg Brynjólfsdóttir og síðan Jón sonur þeirra og k.h. Guðfinna Einarsdóttir. Jón dó 1964, en hún bjó þar með dætrum sínum til 1974.“ Jörðin var tvíbýli frá 1974 og bjuggu þá dætur Guðfinnu þær Margrét Jónsdóttir og Sigurbjörg Jónsdóttir ásamt mökum.[1] Síðar fluttust Sigurbjörg og maður hennar Svavar Jóhannsson að Litladal sem þá var í eyði.

Stóridalur liggur austanvert í Sléttárdal og gegnt honum Litlidalur, vestanmegin í dalnum. Stóradals er fyrst getið í Heiðarvígasögu, og er jörðin þar nefnd Sléttidalur. Þar er að finna eftirfarandi frásögn: „Í Langadal heitir bær á Auðólfsstöðum. Þar bjó sá maður er Auðólfur hét. Hann er góður drengur og mikill fyrir sér. Bróðir hans er Þorvaldur og er eigi hans við förina getið. Hann bjó þar sem heitir í Sléttadal. Það er upp frá Svínavatni. Þeir eru tveir bæir er svo heita. Hann var sterkastur maður að afli fyrir norðan land”.[2] Þarna er bærinn nefndur Sléttidalur og telur Kålund að um sé að sama bæ og dregur jafnframt þá ályktun að hugsanlega sé Sléttidalur hið upphaflega nafn en Sléttárdalur sé komið til síðar.[3]

[1] Húnaþing II, 235.
[2] Íslendingasögur VII, 243.
[3] Kristian Kålund, 34.

## Ábúð

Þegar manntal var fyrst tekið á Íslandi 1703 bjuggu þar hjónin Gunnvör Benediktsdóttir og Björn Hrólfsson ásamt börnum og vinnuhjúum og voru þá 11 í heimili. Stóridalur virðist vera i stöðugri ábúð og eru flestir skráðir til heimilis 1835 eða 19 manns.[4] Stóradalssel var í ábúð frá því um 1860 en þá voru þar til heimilis Sigurbjörg Björnsdóttir ekkja ásamt tveimur börnum sínum. Búið er á selinu þegar manntöl eru tekin 1870, 1890 og 1901.[5] Selið var gert að lögbýli árið 1911 og hét þá Sléttárdalur, það var í ábúð fram til 1944 þegar það fór í eyði.[6]

## Jarðamat

Stóridalur var í bændaeign árið 1696, metin á 40 hundruð, kúgildi voru 4 og landsskuld 2 hundruð.[7] Í jarðabók frá 1713 kemur fram að árið 1706 búi eigandi jarðarinnar Björn Hrólfsson sjálfur á jörðinni. Landsskuld og leigukúgildi eru því engin en tekið fram að landsskuld hafi verið 2 hundruð en leigukúgildi 6 og stundum færri.[8] Árið 1847 er jörðin enn metin á 40 hundruð, landskuld og kúgildi þau sömu og áður er getið og ábúandinn er eigandi jarðarinnar.[9] Árið 1861 er gert nýtt jarðamat og hækkaði þá mat á Stóradal í 47,9 hundruð.[10]

Árið 1706 er kvikfénaður er 4 kýr, 1 tveggjavetra kvíga, 1 þriggjavetra naut og 2 veturgömul, 1 kálfur og 90 ær. Sauðir, 2ja vetra og eldri voru 17, 14 veturgamlir, 2 óvissir, 55 lömb óvís. Hestar voru 5, hross 3, 2 folar tveggjavetra, 1 veturgamall og 1 unghryssa. Jörðin átti beitarítak í 1 mánuð að vetri til í Svínavatnslandi og Svínavatn engjatak í staðinn niðri við vatnið. Engjar eru sagðar spillast af leirágangi úr brattlendi.[11] Í sóknarlýsingu frá 1857 getur prestur þess að í Stóradal séu beit, slægjur og landrými góð.[12]

## Nýbýli

### *Stekkjardalur*

Í Húnaþingi II (bls. 236) segir „Nýbýli byggt á hálfu Stóradalslandi 1961. Býlið er á láglendinu við suðausturenda Svínavatns. Ræktunarland er þar mikið og gott. Beitilandið er tungan milli Stóradals og Litladals. Þótt ættarjörðin Stóridalur hafi verið skert með stofnun þessa nýbýlis er það athyglisvert að hjónin, sem byggðu það og búa þar nú, eru bæði afkomendur Guðmundar ríka, er fyrstur bjó þar þeirra ættmenna. Það má því færa rök fyrir því, að jörðin sé ættarjörð. Skilarétt upprekstarfélagsins er í landi jarðarinnar.“[13]

## Hjáleigur og eyðibýli

### *Sléttárdalur/Stóradalssel*

Í Húnaþingi II segir: „Þetta er eyðibýli framantil á Sléttárdalnum. Það hét áður Stóradalssel og var hluti af Stóradalslandi. Þarna er mjög gott beitiland, en vetrarríki talsvert. Árið 1911 var stofnað þarna lögbýli. Landamerki voru þó ekki þinglýst, en munu hafa verið ákveðin með munnlegu samkomulagi. Fyrsti ábúandi lögbýlisins var Sveinn Geirsson og bjó hann þar til 1923. Þá kom þangað Björn Magnússon og var þar til 1926. Guðmundur Kristjánsson bjó þar

---

[4] Þau manntöl sem stuðst er við eru: 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901.
[5] http://manntal.is/#
[6] Húnaþing II, 236.
[7] Björn Lárusson (1967), 236.
[8] Jarðabók 8. bindi, 334.
[9] Jarðatal Johnsen (1847), 237.
[10] Jarðabók (1861), 95.
[11] Jarðabók 8. bindi, 334.
[12] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 92.
[13] Sama heimild.

frá 1926-1938, og Bjarni Halldórsson frá 1938-1944. Síðan hefur jörðin verið í eyði og hús eru öll fallin. Fasteignamat landsins er 40 þús.“[14]

***Neskot*** Í jarðabók, 9. bindi segir um Neskot: „var hjer hjáleiga, bygð fyrst á vorum dögum í enginu, þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið. Hefur nú í 12 ár [frá 1694] í auðn legið.“[15] Landsskuld var 30 álnir og býlið var talið fóðra 1 kýr, ríflega.[16] Ekki er getið um Neskot í eyðibýlaskrá Ólafs Olaviusar (frá 1775-1777) en þar er fyrst getið um ***Hagakot*** í Stóradalslandi og það sagt hafa farið í eyði 1757 en ekki er getið um ástæðu þess.[17] Í sóknarlýsingu frá 1857 telur prestur Hagakot með eyðikotum sem hann segir nefnd í munnmælum. Hann nefnir ekki Neskot.[18]

[14] Húnaþing II, 237.
[15] Jarðabók, VIII bindi, 334.
[16] Sama heimild, 334.
[17] Ólafur Olavius, 285.
[18] Sýslu- og sóknarlýsingar I, 93.

## *Fornleifaskráning*




*Mynd 2, heimatúnið á Stóradal mælt upp af Guðmundi Jósafatssyni árið 1920, túnið var þá 9,3 ha og um 1/11 hluti þess þýfður, en matjurtagarðar þrír talsins, alls 578m$^2$. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minjanna í skýrslunni, nr. 1 er gamli bærinn á Stóradal o.s.frv. Túnakortið er lagt yfir loftmynd frá Landmælingum Íslands.*



Mynd 3. Mynd af gamla bænum (nr.1) í Stóradal. Nyrst sjást skemmurnar (nr. 2) og í vinstra horni að neðan er matjurtagarðurinn (nr. 78).

**Stóridalur-1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni Kristjáni Jónssyni bónda í Stóradal stóð bærinn þar sem íbúðarhúsið stendur í dag. Gamli bærinn er að mestu leyti horfinn en suður af íbúðarhúsinu er 40m löng grjóthleðsla sem Þórey Jónsdóttir, sem fædd er og uppalin í Stóradal, segir vera leifar gamla bæjarins. Uppi við íbúðarhúsið er hár bakki og til suðurs frá honum grjóthleðsla, 50sm há. Hleðslan beygir til suðurs og heldur þar áfram sem einföld steinaröð. Veggjahæð er um 20-70sm. Hleðslan er alls um 30m löng.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt sem gerð var á bænum 1906 voru metin eftirfarandi hús: baðstofa, maskínuhús, bæjardyr, stofa, eldhús, búrhús, suðurskemma og norðurskemma. Samkvæmt Þóreyju náði gamli bærinn suður fyrir íbúðarhúsið sem stendur þar sem skemmurnar stóðu (voru áfastar bænum). Í Föðurtúni Páls V. Kolka segir „Í Stóradal er mikill og myndarlegur bær, er Jón Pálmason reisti 1884. Baðstofan er sú stærsta og bezt viðaða af öllum húnvetnskum baðstofum í fornum stíl.“ (Föðurtún, 154).

**Stóridalur-2**
**Hlutverk:** Skemma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er merkt útihús beint norður af bænum og ekki er ólíklegt að þar sé verið að merkja skemmuna sem var áföst bænum að norðan, nú horfin en íbúðarhúsið var síðar byggt þar sem skemman stóð.
**Aðrar upplýsingar**
Skemmunnar er getið í örnefnaskrá „Hólavöllur heitir á Járnhetti og túnið neðan og norðan við hann niður að bæ og norður að laut, sem er upp frá skemmu norðan við bæinn og þar beint upp.“ (ÖS, 1).

**Stóridalur-3**
**Hlutverk:** Fjós?
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur rennur niður í gegn um túnið, rétt sunnan við fjósið.“ (ÖS, 1). Um 55m sv af íbúðarhúsinu sa við bragga sem þar stendu nú stóð fjósið og sambyggt við það fjóshlaða og hesthús.
**Lýsing**
Minjar um fjós og hesthús eru nánast horfnar fyrir utan 10-30sm háa þúst sem er 7-9m að utanmáli. Þústin er grasi gróin, greinileg grjóthleðsla er að vestanverðu en annað óljóst. Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur var fjósið norðan hesthússins og hlaða norðan

við það. 10-12 básar voru í fjósinu, þar af tveir notaðir fyrir hænur og 4-5 í hesthúsinu. Húsin voru hlaðin úr torfi og grjóti en steyptur veggur var í fjóshlöðunni að norðanverðu og mun hann hafa verið steyptur upp úr aldamótunum 1900. Bæjarlæknum var veitt í gegnum hesthúsið og taldi Þórey að svo hefði verið um langan tíma.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt Stóradals frá 1906 segir að fjós hafi verið yfir 10 nautgripi með 5 básum og fjóshlaðan yfir 230 hesta af heyi (Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóridalur).

**Stóridalur-4**

**Hlutverk:** Hesthús?

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur rennur niður í gegn um túnið, rétt sunnan við fjósið." (ÖS, 1). Um 55m suðvestur af íbúðarhúsinu sa við bragga sem þar er stóð fjósið og sambyggt við það fjóshlaða og hesthús.

**Lýsing**

Minjar um fjós og hesthús eru nánast horfnar fyrir utan 10-30sm háa þúst sem er 7-9m að utanmáli. Hún er grasi gróin, greinileg grjóthleðsla er að vestanverðu en annað óljóst. Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur var fjósið norðan hesthússins og hlaða norðan við það. 10-12 básar voru í fjósinu, þar af tveir notaðir fyrir hænur og 4-5 í hesthúsinu. Húsin voru hlaðin úr torfi og grjóti en steyptur veggur var í fjóshlöðunni til norðurs og mun hafa verið steyptur upp úr aldamótunum 1900. Bæjarlæknum var veitt í gegnum hesthúsið og taldi Þórey að svo hefði verið um langan tíma.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt Stóradals frá 1906 segir að fjós hafi verið yfir 10 nautgripi með 5 básum og fjóshlaðan yfir 230 hesta af heyi (Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóridalur).



**Mynd 4. Tóftin af Réttar- og Lambhúsunum. Horft aust-norðaustur.**

**Stóridalur-5**

**Sérheiti:** Réttarhús/Lambhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Grundin var kallað norðan frá Kvíalaut niður að Járnhrygg og upp undir hálsbrún [...] á því svæði standa fjárhús. 2 og 2 saman. Réttarhús norðan, þar var líka fjárrétt. Lambhús sunnar.“ (ÖS, 1). Tóftin stendur enn tæplega 90m suðaustur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Fjárhúsin hafa verið tvístæð og eins og getið er í örnefnaskrá. Vegghleðslur úr grjóti standa vel að framan (vestan) og að sunnan en aðrir veggir eru horfnir. Greinilega sést hvar dyrnar hafa verið, en þær voru tvær og snéru mót vestri. Veggjahæð er frá 50sm upp í 1,2m. Tóftin snýr norður/suður og er um 13x18m að utanmáli.

**Stóridalur-6**
**Sérheiti:** Miðhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í túninu tæpa 200m nnv af bænum voru samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur fjárhús sem kölluð voru Miðhús.
**Lýsing**
Búið er að rífa húsin og þau nú horfin en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns. Húsin sjást einnig á túnakorti frá 1920 og þegar kortið var lagt yfir loftmynd af Stóradal passaði staðsetning Þóreyjar við túnakortið. Þó má gera ráð fyrir nokkurri skekkju á punktinum.

**Stóridalur-7**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er merkt hús nyrst í túni. Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur var þarna hesthús á svipuðum stað og hesthúsið er í dag.
**Lýsing**
Hesthúsið hefur staðið um 260m nnv af íbúðarhúsinu en það er horfið undir yngri byggingar. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrri nokkurri skekkju á honum.

**Stóridalur-8**
**Sérheiti:** Gíslakofi
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á hól, sem nefndur er Gíslakofahóll um 100m norðvestur af íbúðarhúsinu stóð hús sem nefnt var Gíslakofi.
**Lýsing**
Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur og Kristjáni Jónssyni stóðu þar hús sem ýmist voru notuð sem fjárhús eða hesthús. Búið er að rífa húsin og var punktur tekinn samkvæmt ábendingu Þóreyjar en gera má ráð fyrir nokkurri skekkju.



**Mynd 5. Horft er yfir tóftina úr nnv áttina að bænum. Hóllinn til hægri fyrir miðri mynd er Gíslakofahóll.**

**Stóridalur-9**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 160m norðvestur af íbúðarhúsinu, upp við heimreiðna að vestan er tóft eða tóftaleifar.
**Lýsing**
Tóftin er um 5x6m að utanmáli og veggja hæð um 20sm. Mikill gróður er í henni, m.a. gras og vallhumall og því ekki hægt að greina innveggi. Óvíst er hvað hefur staðið þarna og hversu gamalt það er.

**Stóridalur-10**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að heimtröðin hafi legið norður frá bæ (ÖS, 1).
**Lýsing**
Tröðin lá á kafla samsíða heimreiðinni, að íbúðarhúsinu, að vestan. Hún var ekki skráð á vettvangi en sést glögglega á loftmynd á alls 86m löngum kafla. Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur var tröðin upphlaðin.

**Stóridalur-11**
**Sérheiti:** Guðnakofi?
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá útihús í túnjaðrinum austanverðum um 70m norðaustur af gamla bænum. Um 70m na af íbúðarhúsinu er dæld í annars sléttu túni.
**Lýsing**
Dældin er um 7x10m að utanmáli og um 20sm djúp. Samkvæmt heimildamönnum þeim Kristjáni Jónssyni bónda í Stóradal og Þóreyju Jónsdóttur voru þarna hesthús. Sagði Þórey húsið hafa verið nefnt Guðnakofi eða Gíslakofi.

**Stóridalur-12**
**Sérheiti:** Guðnakofi?
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá útihús í túnjaðrinum austanverðum tæplega 70m austur af gamla bænum. Um 70m nna af íbúðarhúsinu eru veggjaleifar hesthúss sem rifið var fyrir um 3 árum (talið frá 2009) samkvæmt Kristjáni Jónssyni bónda í Stóradal.

**Lýsing**
Aðeins sér í grjót þar sem veggir hafa staðið og því má átta sig nokkurn veginn á utanmáli hússins sem er um 5x6m og hefur snúið austur/vestur. Samkvæmt heimildamönnum þeim Kristjáni og Þóreyju voru þarna hesthús og sagði Þórey að þau hefðu verið nefnd Gíslakofi eða Guðnakofi.

**Stóridalur-13**
**Hlutverk:** Matjurtagarður/útihús (?)
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður við austurjarðar túnsins, rúma 60m austur af gamla bænum og sunnan þess gripahús.
**Lýsing**
Um 75m asa af íbúðarhúsinu er dæld í túnið um 10-20sm djúp og hugsanlega óljóst veggjalag umhverfis. Dældin er gróin grasi og arfa. Þarna hefur annaðhvort verið matjurtagarður sem sýndur er á túnakorti eða útihús en ómögulegt er að segja það mér vissu þar sem skekkja getur verið á túnakortinu. Þó skal geta þess að staðsetning dældar passar betur við staðsetningu matjurtagarðs á kortinu.




**Stóridalur- 14**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Dæld/Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður við austurjarðar túnsins, rúma 60m austur af gamla bænum og sunnan þess gripahús.
**Lýsing**
Um 75m asa af íbúðarhúsinu er dæld í túnið um 10-20sm djúp og hugsanlega óljóst veggjalag umhverfis. Dældin er gróin grasi og arfa. Þarna hefur annaðhvort verið matjurtagarður sem sýndur er á túnakorti eða útihús en ómögulegt er að segja það mér vissu þar sem skekkja getur verið á túnakortinu. Þó skal geta þess að staðsetning dældar passar betur við staðsetningu matjurtagarðs á kortinu.

**Stóridalur- 15**
**Hlutverk:** Vatnsveita
**Tegund:** Uppspretta
**Staðhættir**
Tæpa 150m ssa af bænum er uppspretta þar sem bæjarlækurinn kom upp. Um það segir í örnefnaskrá: „Leynir, djúp laut norðan við Gerði, í Leyni eru uppsprettudý, upptök Bæjarlækjar.“ (ÖS, 1).
**Lýsing**
Bæjarlækurinn lá áður til norðvesturs frá uppsprettunni og til vestur meðfram Bjarnavelli sem er tún sem liggur um 70m suðvestur af íbúðarhúsinu. Honum hefur nú verið breytt og veitt í skurð sem liggur til vesturs frá uppsprettunni. Samkvæmt Þóreyju var vatnið tekið úr læknum og árið 1910 var lögð vatnsleiðsla úr henni í gamla bæinn.

**Stóridalur- 16**
**Sérheiti:** Litlibær, Bjarnabær, Sveinsbær
**Hlutverk:** Útihús, híbýli?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður um 90m ssv af bænum, sunnan húsa sem merkt eru peningshús.
**Lýsing**
Ekki vissu heimildamenn til þess að þarna hefði verið gripahús en samkvæmt Þóreyju Jónsdóttir stóð á þessum stað smábýli eða húsmannsbýli sem gekk undir ýmsum nöfnum eftir því hver bjó í þeim, s.s. Litlibær, Bjarnabær og Sveinsbær. Hnit á bænum voru tekin eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á þeim. Býlið stóð á suðurbakka bæjarlækjarins sem nú hefur verið veitt í skurð.

**Stóridalur-17**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður um 90m ssv af bænum, sunnan húsa sem merkt eru peningshús.
**Lýsing**
Garðurinn er horfinn og sjást engin ummerki hans. Hnit voru tekin eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á þeim.

**Stóridalur-18**
**Hlutverk:** Öskuhaugur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Þórey Jónsdóttir sagði að mjög stór öskuhaugur hefði verið neðan við gamla bæinn. Búið er að ýta út úr hólnum og hann því horfinn en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu Þóreyjar.

**Stóridalur-19**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er útihús rúma 30m vestur og niður af bænum.
**Lýsing**
Húsið sem þarna stóð er nú horfið og ekki er vitað um hlutverk þess. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og því má gera ráð fyrir nokkurri skekkju á honum.

**Stóridalur- 20**
**Sérheiti:** Kvíalaut/Kvíalá
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kvíalaut, djúp laut upp frá Leyni, nær hún upp á hálsbrún.“ (ÖS, 1). Hún er í annarri skrá nefnd Kvíalá (ÖSS, 1). Við túnjaðarinn tæpa 190m suðaustur af íbúðarhúsinu eru leifar tóftar.




**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur var þarna kvíatóft áður og munu kvíarnar hafa verið fremur stórar. Aðeins er einn vegghluti kvíanna eftir og taldi Þórey að tóftin hefði að öðru leyti farið undir túnasléttun. Veggurinn sem eftir er liggur í vinkil frá norðri til austurs, hann er grasi gróinn og um 30-60sm hár og um 10m langur.

## Gerði
Nokkrar tóftir eru á svonefndu Gerði syðst í gamla túninu. Ekki er ólíklegt miðað við fjölda þeirra og umfang að bæjarstæðið hafi á einhverjum tíma verið þar og síðar flutt norðar þar sem það er í dag. Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur munu hafa fundist leifar brunninnar byggingar þegar var verið að grafa fyrir rotþró heima við bæ og taldi hún ekki ólíklegt að eldri bær sem þar stóð hefði brunnið og þá verið fluttur sunnar í túnið. Ekki verður þessi tilgáta staðfest nema með rannsóknum en ljóst er af minjunum á Gerðinu að þar hefur einhvern tímann verið nokkuð umleikis.




Mynd 6. Fjárhúsin á Gerðinu. Horft er til norðurs.

**Stóridalur-21**
**Sérheiti:** Gerði
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Útihús er syðst á túnakorti frá 1920 og mun það vera Gerðishús. Um þau segir í örnefnaskrá „Gerði heitir syðsti hluti túnsins niður að götu, sem liggur suður frá bænum, á Gerði eru fjárhús.“ (ÖS, 1). Um 190m suðaustur af bænum eru tóftir fjárhúsa.
**Lýsing**
Tóftin er af tvístæðum garðahúsum með einhölukró sunnanvert, rétt norðan við og tvískipt hlaða eða heytóft er austast. Þrennar dyr eru á tóftinni og snúa til vesturs en á réttinni hefur verið hlið til norðurs. Utanmál tóftar er um 18x20m og er veggjahæð 30-70sm. Tóftin er grasi gróin en þó sér í grjót í veggjum bæði að framan og inn í tóft. Töluvert rof er í veggjum, einkum til austurs.

**Stóridalur-22**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Austan við fjárhústóftina (**nr. 21**) er garðlag eða hleðsla í tóft sem liggur í vinkil frá tóftinni til austurs og beygir svo 90° til norðurs. Það virðist eldra heldur en fjárhústóftin, er öllu lægra eða um 10-30sm og er hugsanlega hluti eldri minja sem fjárhúsin hafa verið byggð á.


Mynd 7. Horft eftir túngarðinum til suðurs inn Sléttárdal.

**Stóridalur- 23**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir og lýsing**
Túngarður liggur til suðurs frá fjárhús-tóftinni (**nr. 21**), neðan (vestan) girð-ingar að enda túns-ins þar sem hann beygir til vesturs, hann er alls um 120sm á lengd. Garðurinn er al-gróinn grasi, mikið hruninn og breidd hans því allt að 4m

þar sem hann er breiðastur. Hæð hans er mest um 40sm að vestan en allt upp í 1m þar sem hann er hæstur að neðan (til vesturs).

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1906 segir frá vallargarði: „Vallargarður fyrir utan og ofan tún að meira og milli gallaður og óvíða heita gripheldur ofan að hliði sem á honum er fyrir utan hesthúsið, áframhald af garðinum fyrir neðan hlið er betur gjörður og er þar víða gripheldur skurður er með garðinum er snír frá túninu með vatnshalla. Skurður með garði er fyrir sunnan og neðan tún að sjá brúklegur og góð byrjun en þó þar skurður þessi endurbót með því að laga frammgang vatnsins svo það falli ekki að garðinum.“ (Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906) Stóridalur). Túngarðurinn fannst aðeins syðst og austast í túni og er líklega annarsstaðar horfinn vegna túnasléttunar eða annarra framkvæmda.

**Stóridalur-24**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Vestan við fjárhústóftina (**nr. 21**) er önnur tóft sem virðist töluvert eldri.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng, 10x20m að utanmáli og snýr í stefnuna norður/suður. Veggir eru að hluta rofnir í burtu, einkum til austurs og á kafla til vesturs og því er ekki hægt að segja hvort þetta sé upprunaleg stærð byggingarinnar. Hún er þrískipt, Eitt hólf er að norðan og dyr virðast vera á því til vesturs, veggurinn þar er ávalur kantur um 10-20sm hár. Sunnan við er annað hólf, um 40-50sm djúp dæld en engar dyr sjást á því, veggir þar eru greinilegri enn annars staðar í tóftinni og eru um 30sm háir. Þriðja hólfið er til vesturs, það er um 20-30sm djúp dæld, engar dyr sjást en þar er útveggur rofinn og óvíst hvort að tóftin hafi náð þar lengra til vesturs. Ekki er ólíklegt að hlutar hennar hafi farið illa sökum ágangs fjár eða þegar fjárhúsið (**nr. 21**) var reist.

**Stóridalur- 25**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Vestan við tóftina sem skráð er að framan (**nr. 24**) er önnur tóft aflöng og liggur í stefnuna norður/suður.

**Lýsing**

Tóftin er 9x17m að utanmáli og eru dyr á henni við norðvestur horn hennar sem snúa mót vestri. Tóftin er grasi gróin, veggir um 30-70sm á hæð hæstir upp undir brekkunni að austan, ávalir og jarðsokknir annarsstaðar.

**Stóridalur- 26**
**Hlutverk:** Smiðja?
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**

Vestan og neðan við tóft (**nr. 25**) eru tvennar tóftir, önnur þeirra hefur að sögn Þóreyjar Jónsdóttur verið smiðja en óvíst er hvor þeirra það er.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og er um 4x6,5m að utanmáli. Hún liggur í svolitlum halla og dældin í miðju hennar er á um 20-30sm upphækkun. Tóftin er grasi gróin og veggir 30-40sm háir.

**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur hefur önnur hvor þeirra verið smiðja því þar finnst mikið gjall. Í úttekt frá 1906 segir: „Smiðja 6 ½ alin á lengd 4 alin á breidd í 2 stafgólfum [...].“ (Úttektarbók Svínsstaðahrepp (1906) Stóridalur).

**Stóridalur-27**
**Hlutverk:** Smiðja?
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við þústina sem áður er skráð (**nr. 26**) er hringlaga dæld um 10-20sm djúp og grasi gróin. Lág veggjabrún er umhverfis hana undan brekkunni en engin til austurs.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur hefur önnur hvor þeirra verið smiðja því þar finnst mikið gjall. Í úttekt frá 1906 segir: „Smiðja 6 ½ alin á lengd 4 alin á breidd í 2 stafgólfum [...].“ (Úttektarbók Svínsstaðahrepp (1906) Stóridalur).

**Stóridalur-28**
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir og lýsing**
Syðst á garðinum við túngarðshornið er jarðsokkin tóft 14x20m að utanmáli, hún liggur í norður/suður. Hún skiptist í fjögur eða fimm hólf sem liggja samsíða frá norðri til suðurs. Annað hólfið að norðan skiptist í tvennt og gæti það stafað af hruni úr vegg en einnig er mögulegt að hún hafi upphaflega verið tvískipt og því er óvíst hvort 4 eða 5 hólf eru í tóftinni. Útveggur er greinilegur til norðurs, niður brekkuna til vesturs og til suðurs en enginn veggur sést upp í brekkuna til austurs. Ekki er ólíklegt að það stafi af því að jarðvegur hafi lagst upp að veggnum og samlagast honum. Óljóst er hvort dyr eru á tóftinni en líklegast er að þær hafi snúið mót vestri. Ómögulegt er að segja til um hlutverk en að líkindum hefur annaðhvort verið þarna bæjartóft eða stór útihús.




**Stóridalur-29**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 10m norðvestan við mögulega bæjartóft (**nr. 28**) er önnur tóft, aflöng og snýr norður/suður.
**Lýsing**
Tóftin er mjög óljós, hún er þrí- eða fjórskipt, 7x15, 21m að utanmáli. Þrjú hólf liggja frá norðri til suðurs öll með dyr mót vestri og sunnan þeirra er dæld sem mögulega er hluti af

tóftinni. Neðan (vestan) við er brekkubrún um 2-4m að hæð. Veggir tóftar eru ávalir, þeir eru jarðsokknir 10-20sm á hæð og um 1m á breidd.

**Stóridalur-30**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan eða utan túngarðs er grjóthlaðin tóft sem er yngri að sjá en flestar aðrar minjar á Gerðinu að fjárhúsinu frátöldu.
**Lýsing**
Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur var þarna hestarétt. Hún liggur austur/vestur og er 5x8m að utanmáli og hefur hlið snúið mót vestri. Veggir sem eru nokkuð rofnir eru frá 20-100sm á hæð.

**Stóridalur- 31**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Tóftin stendur á skurðbrún og hefur verið raskað við skurðgröftinn, orsök skemmda á minjunum eru því framkvæmdir en þeim stafar nú hætta af rofi.
**Staðhættir**
Beint vestur af réttinni er tóft sem snýr austur/vestur líkt og hestaréttin (**nr. 32**) og stendur hún á skurðbrún.
**Lýsing**
Tóftin er um 5x5m að utanmáli með dyr mót vetri. Veggir eru lágir, lægstir um 10sm en hæstir um 40sm. Veggir eru rofnir en annars grasi grónir nema að það sér í grjót á tveimur stöðum.

**Stóridalur-32**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Um 14m suður af túngarðinum er lítil tóft rúmlega 2x2m að utanmáli.
**Lýsing**
Hún snýr austur/vestur og eru dyr mót vestri og sér í grjóthleðslur beggja vegna þeirra en annars er tóftin grasi og mosa gróin auk þess sem að ljónslöpp vex í tóftinni. Hæð veggja er um 10-40sm.

**Stóridalur-33**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúma 50m suður af túngarðinum er ferhyrnd tóft, tæpir 5m í þvermál.
**Lýsing**
Tóftin er grasi og mosa gróin, veggir um 30-60sm á hæð og hlaupnir í þúfur. Umhverfis tóftina er mýri og því ekkert ólíklegt að þarna hafi staðið mókofi eða eitthvað slíkt. Engar dyr sjást á tóftinni.

**Stóridalur-34**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Sunnan túna um 290m suðvestur af bænum eru mógrafir.
**Lýsing**
Svæðið er í heild um 30x40m að utanmáli og grafirnar mest um 1,5m á dýpt. Skurðir hafa verið grafnir umhverfis mógrafirnar sem nú eru í uppþurrkuðu landi.
**Stóridalur-35**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðan við mógrafirnar (**nr. 34**) er tóft, líklega mótóft.
**Lýsing**
Tóftin er jarðsokkin, veggir algrónir og hlaupnir í þúfur. Þeir eru um 30sm háir. Engar dyr sjást á tóftinni sem er 3x5m að utanmáli.

**Stóridalur-36**
**Sérheiti:** Lambhúsholt?
**Hlutverk:** Lambhús?
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Lambhúshóll (ÖS, 7) eða Lambhúsholt (ÖSS, 3) „[...] liggur norður frá túninu austan Keldudals norður að Græfum.“ (ÖS, 7). Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur hét það Lambhúsholt.
**Lýsing**
Óvíst er nákvæmlega hversu langt holtið náði en um 1km nnv af bænum og 10m austan við veginn er þúst þar sem hugsanlegt er að lambhúsin hafi staðið að öðrum kosti eru þau komin í tún. Þústin er nálega hringlaga, um 7m í þvermál. Hún er grasi gróin, um 1-1,5m hærri en umhverfi hennar og engin veggjalög eru greinileg á henni.

**Stóridalur-37**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Tagl heitir fyrir norðan slakka, sem er út og upp undan túninu, þar liggja götuslóðir yfir hálsendann.“ (ÖS, 2).
**Lýsing**
Göturnar voru ekki skráðar á vettvangi en þær sjást vel á loftmynd og liggja í boga frá vestri til austurs fyrir hálsendann alls um 1km á lengd.

**Stóridalur-38**
**Sérheiti:** Stekkjarholt
**Hlutverk:** Rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stekkjardalur er nýbýli frá Stóradal og um 240m suðaustur af því eru tvennar tóftir nyrst á svonefndu Stekkjarholti.
**Lýsing**
Vestari tóftin er á holtsbrúninni, hún er næstum hringlaga og um 9m að þvermáli. Hlið er á tóftinni og snýr mót austri, tóftin er grasi gróin og hæð veggja um 40-80sm. Fyrir miðri tóftinni er aflöng þúst sem snýr nv/sa, hugsanlega hrun úr vegg. Tóftin líkist ekki stekk í útliti heldur fremur rétt en þó er hugsanlegt að þarna hafi verið stekkjað eins og örnefnið bendir til.




**Stóridalur-39**
**Sérheiti:** Stekkjarholt
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stekkjardalur er nýbýli frá Stóradal og um 240m suðaustur af því eru tvennar tóftir nyrst á svonefndu Stekkjarholti.
**Lýsing**
Austan við tóft (**nr. 38**) er önnur tóft öllu ógreinilegri. Hún liggur í stefnuna nv/sa og er um 5x8m að utanmáli. Engar dyr sjást á tóftinni og innri brún veggja er ógreinileg nema til suðurs og suðvesturs.

**Stóridalur-40**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Keldudalsdrag heitir vestan við Keldudalsholt og „fellur það [dragið] í Keldudalinn og eftir það heitir dalurinn Grjótdalur.“ (ÖS, 6). Syðst í Grjótdal er tvískipt tóft, líklega stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískiðt snýr norður suður og hafa verið tvö hlið úr sitt hvoru hólfinu, annað mót norðri en hitt mót suðri. Tóftin liggur undir brekkunni upp úr draginu til vesturs sem myndar vesturvegginn en aðrir veggir eru grjóthlaðnir en þó að mestu grónir grasi og mosa. Utanmál tóftar er 7x8m og hæð veggja er um 20sm.



**Stóridalur-41**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Upp af austurbrún svonefnds Grjótdals er smá varða eða vörðuleif.
**Lýsing**
Varðan er mynduð af nokkrum steinum sem liggja saman efst á lítt grónum mel. Hún er mest um 20sm á hæð og um 60sm að þvermáli.


**Mynd 8. Vörðuleif upp af austurbrún Grjótdals, horft er til norðurs. Stekkjardalur efst til vinstri á mynd.**

**Stóridalur-42**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 340m norðvestur af bænum er fjárhústóft við suðurenda dals sem nefndur er Keldudalur. Hann liggur norður/suður og er um 570m langur.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og liggur nálega norður/suður. Til norðurs er heytóft og fjárhús með garða voru til suðurs, á þeim eru dyr og snúa mót suðri. Óvíst er hvort gengt hafi verið inn í heytóftina en ekki er ólíklegt að opið hafi verið á milli við garðaendann. Veggir eru lágir um 10-20sm á hæð, þeir eru grónir grasi og mosa en grjót sést þó víða í veggjum.




**Stóridalur-43**
**Hlutverk:** Varða?
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á hálsinum ofan við bæinn á vestari brún Mjódals, norðarlega, er varða.
**Lýsing**
Hún er um 40-50sm há og um 2x3m að grunnmáli en grunnur hennar er nokkurn veginn sporöskjulaga.

**Stóridalur-44**
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á hálsinum ofan við bæinn vestan við norðurenda Mjódals er smalakofi.
**Lýsing**
Kofinn er grjóthlaðinn og veggir hans um 60-80sm háir og snúa dyr mót austri. Utanmál tóftar er 3x3m.





**Mynd 9, varða nr. 45 ofan (NA) við Stóradal, horft til suðvesturs yfir íbúðarhúsið (til vinstri) og útihúsin á Stóradal til hægri.**


**Mynd 10, vörður (nr. 46-50) austan við Stóradal, horft til suðvesturs fram Sléttárdal.**

**Stóridalur-45**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Vestanmegin hálsins, tæplega 350m norðausturs af bænum er varða.
**Lýsing**
Hún er um 30-60sm há og er grunnmál hennar 1,5x1,5m.

**Stóridalur-46**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Kvíalaut heitir djúp laut sem nær til austurs frá túninu og upp á hálsbrún (ÖS, 1). Á aflöngum melhól sem liggur til suðurs frá austari (efri) enda lautarinnar er varða og umhverfis hana nokkrar smáhleðslur.
**Lýsing**
Varðan er 50-60sm á hæð og er grunnflötur hennar um 180sm að þvermáli. Jaðrar vörðunnar eru grasi og mosa gróin og norðurhlið hennar einnig.

**Stóridalur-47**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á aflöngum melhól sem liggur til suðurs frá austari (efri) enda Kvíalautar er varða og umhverfis hana nokkrar smáhleðslur, tvær norðan vörðunnar (**nr. 46**) og tvær sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið leikstaður barna.
**Lýsing**
Nyrsta hleðslan eru aðeins nokkrir steinar í hrúgu um 10sm á hæð og um 40-50sm að grunnmáli.

**Stóridalur-48**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á aflöngum melhól sem liggur til suðurs frá austari (efri) enda Kvíalautar er varða og umhverfis hana nokkrar smáhleðslur, tvær norðan vörðunnar (**nr. 46**) og tvær sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið leikstaður barna.
**Lýsing**
Önnur hleðslan að norðan er 20-30sm há og um 110sm að grunnmáli, nær algróin mosa og grasi.

**Stóridalur-49**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á aflöngum melhól sem liggur til suðurs frá austari (efri) enda Kvíalautar er varða og umhverfis hana nokkrar smáhleðslur, tvær norðan vörðunnar (**nr. 46**) og tvær sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið leikstaður barna.
**Lýsing**
Sunnan við vörðuna (**nr. 46**) er 10sm há gróðurlaus hleðsla sem er um 60x60m að grunnmáli.

**Stóridalur-50**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á aflöngum melhól sem liggur til suðurs frá austari (efri) enda Kvíalautar er varða og umhverfis hana nokkrar smáhleðslur, tvær norðan vörðunnar (**nr. 46**) og tvær sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið leikstaður barna.
**Lýsing**
Syðst liggur 30sm há hleðsla, gróðurlaus og um 1x1m að grunnmáli.

**Stóridalur-51**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Breiðdalur heitir dalur sem liggur í stefnuna norður/suður upp undir hálsbrúninni rúma 800m suðaustur af bænum. Tvær vörður eru á vesturbrún dalsins.
**Lýsing**
Syðri varðan er um 40sm á hæð. Ef hún hefur einhvern tímann verið upphlaðinn þá er hún nú hrunin.


**Mynd 11. Varða á vesturbrún Breiðdals. Horft er til norðvesturs.**

**Stóridalur-52**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Breiðdalur heitir dalur sem liggur í stefnuna norður/suður upp undir hálsbrúninni rúma 800m suðaustur af bænum. Tvær vörður eru á vesturbrún dalsins.
**Lýsing**
Nyrðri varðan er 40-50sm á hæð. Grónir jaðrar eru upp eftir miðri vörðu og töluvert grjóthrun í kring á 1,5x3m svæði.

**Stóridalur-53**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Mjódalur liggur þvert í gegnum hálsinn og liggur frá norðri til suðurs. Á vesturbrún hans, við suðurendann er varða á mosagrónum melhól.
**Lýsing**
Varðan er þríhyrnd og er hver hlið um 1m á lengd og 40-50sm á hæð, fremur flöt að ofan. Lynggróður og gras er umhverfis vörðuna en melhóllinn sem varðan stendur á að öðru leyti mosagróin.

**Stóridalur-54**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Efst á hálsinum ofan við bæinn, eða rúmlega 600m austur af honum er varða.
**Lýsing**
Varðan er 80-100sm há og nærri algróin grasi. Hún er keilulaga og er grunnflötur hennar um 1,5m að þvermáli.


**Mynd 12. Horft er yfir smalakofann.**

**Stóridalur-55**
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á Hjallaás sem er á hálsinum austan og norðaustan við Sléttárdal. Rúman 1km austur og upp af Sléttárdal er smalakofi.
**Lýsing**
Tóftin er hlaðin úr grjóti upp á hól og snúa dyr mót austri. Þvermál hennar að utan er um 3,5m og hæð vegghleðslunnar og hólsins er um 80-110sm. Lynggróður, mosi og ljónslöpp eru umhverfis tóftina.



**Mynd 13. Varða (56) á Hjallaás, horft er til nv og sést í Svínavatn í baksýn.**

**Stóridalur-56**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Vestast á Hjallaás rúmlega 900m austur af Sléttárdal er varða.
**Lýsing**
Varðan er 40-50sm há, u.þ.b. 110sm í þvermál, keilulaga og er fuglaþúfa efst á henni.



**Mynd 14. Varðan (57) er hálfhrunin og í henni stendur mælingarprik.**

**Stóridalur-57**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er sagt: „Hjallaás hár ás suður frá Kirkjuhóladragi, á Hjallaás nál. miðjum er varða, þar eru talin merki og frá henni bein lína í vörðu syðst í Stórabarði.“ (ÖS, 2). Tvær vörður eru efst á ásnum og taldi Þórey Jónsdóttir sem ólst upp í Stóradal að það væru landamerkjavörður á milli Stóradals og Höllustaða.
**Lýsing**
Varðan sem liggur lengra til suðurs er um 30-40sm á hæð. Mælingarprik er í vörðunni og hugsanlega hefur hún verið hlaðin sem mælingavarða og er hún þá frekar nýleg en einnig er mögulegt að prikinu hafi verið stungið í eldri vörðu.

**Stóridalur-58**
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er sagt: „Hjallaás hár ás suður frá Kirkjuhóladragi, á Hjallaás nál. miðjum er varða, þar eru talin merki og frá henni bein lína í vörðu syðst í Stórabarði.“ (ÖS, 2). Tvær vörður eru efst á ásnum og taldi Þórey Jónsdóttir að það væru landamerkjavörður á milli Stóradals og Höllustaða.



**Mynd 15. Landamerkjavarða á Hjallaás, horft er til nv.**

**Lýsing**
Nyrðri varðan er um 570m nnv af vörðunni sem skráð er nr. Hún er nokkuð stæðileg um 50-70sm á hæð, 2x2m að grunnmáli. Hún er keilulaga en toppurinn flatur. Gróið er umhverfis vörðuna og upp á hana.

**Stóridalur-59**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á Kirkjuhólum, tæpa 3km ssv af bæ er varða.
**Lýsing**
Hún er ekki mjög gömul að sjá hugsanlega smalavarða. Hæð er um 30sm.

**Stóridalur-60**
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Nyrst á Kirkjuhólum, tæpa 3km ssv af bæ er smalakofi.
**Lýsing**
Kofinn er hlaðinn úr grjóti og dyr hafa að líkindum verið til suðurs en hrunið hefur i þær. Veggir eru 20-30sm háir og lyngi gróið er í og umhverfis kofatóftina




**Stóridalur-61**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Norðvestur af Kirkjuhólum er varða tæpa 3km ssv af bænum.
**Lýsing**
Hleðslan er um 30sm á hæð ferhyrnd að lögun. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur varðan verið hlaðin af smala.



*Mynd 16, tóftir við Sléttá (nr. 62 og 63). Loftmynd: Landmælingar Íslands.*

**Stóridalur-62**
**Hlutverk:** Rétt?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Minjar eru á bakka Sléttár og hefur áin brotið hluta þeirra fyrr á öldum. Áin virðist ekki hafa brotið af þessum bakka síðastliðin ár, en vegna nálægðar við ánna verða minjarnar að teljast í hættu vegna landbrots.



**Mynd 17. Tóftin fyrir miðri mynd en garðlag lengst til hægri. Horft er til vesturs yfir Sléttá og túnin í Litladal í baksýn.**

**Staðhættir**
Á eyri á austurbakka Sléttár um 4km nnv af Sléttárdalsbýlinu og um 1,1km suðvestur af Stóradal eru minjar sem virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Við árbakkann er tóft, veggur eða garðlag, sem liggur í vinkil frá árbakkabrúninni til norðurs og beygir síðan til vesturs. Það er alls um 38m á lengd og 40-60sm hátt. Tvö hólf eru suður undir vegghlutanum sem liggur frá austri til vesturs. Vestara hólfið er 2x3m að innanmáli en það austara heldur stærra eða um 5x4m að innanmáli. Engin veggjalög eða hólf sjást sunnan þeirra og að ánni. Veggirnir eru jarðsokknir, grasi og mosa grónir og hlaupnir í þúfur.

**Stóridalur-63**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Á eyri á austurbakka Sléttár um 4km nnv af Sléttárdalsbýlinu og um 1,1km suðvestur af Stóradal eru minjar sem virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Norðan við tóft (**nr. 62**) liggur garðlag frá austri til vesturs. Það er rúmlega 30m langt, 40-80sm hátt og mest um 3m á breidd. Það er jarðsokkið, mosa og grasi gróið.

**Stóridalur-64**
**Sérheiti:** Ullarhvammur
**Hlutverk:** Þvottastaður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ullarhvammur norðast í Hvömmum, þar í ánni var ull þvegin á vorin.“ (ÖS, 5). Hvammurinn er tæpa 1,2km austur af bænum á austurbakka Sléttár.
**Lýsing**
Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og lýsingu heimildamanns Þóreyjar Jónsdóttur. þess ber að geta að það getur verið að töluverð skekkja sé á punktinum.

**Stóridalur-65**
**Sérheiti:** Ullarberg
**Hlutverk:** Þurrkstaður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ullarberg klettur í Keldudalsbrúninni að vestan út og ofan undan bænum.“ (ÖS, 6). Kletturinn er um 360m nv af bænum.
**Lýsing**
Á Ullarbergi var ullin þurrkuð. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns Þóreyjar Jónsdóttur.



**Mynd 18. Sléttárdalur . Ljósmynd í eigu Ásdísar Arnljótsdóttur og birt með hennar leyfi, ljósmyndari ókunnur.**




*Mynd 19, heimatúnið á Sléttárdal mælt upp af Guðmundi Jósafatssyni árið 1920, túnið var þá 1,6 ha og um 1/3 hluti þess sléttur. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minjanna í skýrslunni, nr. 66 er gamli bærinn á Sléttárdal o.s.frv. Túnakortið er lagt yfir loftmynd frá Landmælingum Íslands.*

**Stóridalur-66**
**Sérheiti:** Stóradalssel/Sléttárdalur
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Stóradalssel er um 4,5km suður af Stóradal og eru tóftirnar upp af austurbakka Sléttár. Þar var síðar býlið Sléttárdalur þar sem búið var fram til 1944 (Húnaþing II, 237).



**Mynd 20. Bæjartóftin í Sléttárdal. Horft er til suðurs.**

**Lýsing**
Bærinn var syðst í túninu og tóftir hans standa enn. Tóftin liggur nálega norður/suður og er 12x17m að utanmáli og hafa dyr snúið til vesturs. Útveggir tóftar eru rofnir en þó sést

ágætlega hvernig lögun bæjarins hefur verið en innra fyrirkomulag er óljósara, þó sjást enn einhverjir veggir og vegghlutar. Syðst og austast í tóftinni eru tveir veggir samsíða sá eystri um 80-100sm hár en vestan hans er annar veggur um 40sm hár og 4m á lengd. Aðrir veggir eru um 40-60sm á hæð. Tóftin er að mestu grasi gróin en rof er í útveggjum á nokkrum stöðum og engar dyr sjást á tóftinni. Á meðfylgjandi mynd sést að tvær burstir hafa verið á bænum og hafa alls 3 hús snúið dyrum fram á hlað, norðan bæjardyra var geymslukofi (til vinstri á mynd). Á myndinni má sjá að steinhlaðin stétt hefur verið framan við þilið. Frekari upplýsingar um lífið í Sléttárdal eru á heimasíðu Ásdísar Arnljótsdóttur (http://www.123.is/asa.disa/blog/record/92141/).

**Aðrar upplýsingar**

Nánar segir frá býlinu í örnefnaskrá: „Stóradalssel yngra nafn Sléttárdalur. Þar var haft í seli frá Stóradal fram um síðustu aldamót. Síðan var all mörg ár búið þar sjálfstæðu búi, en nú fyrir skömmu komið í eyði. þar var kominn töluverður túnblettur, sem mun síðast hafa gefið af sér allt að 60 hesta af töðu.“ (ÖS, 4). Í úttekt Stóradalssel frá 1906 samanstendur bærinn af: Baðstofu, búrhúsi, eldhúsi, göngum frá baðstofu til útidyra og geymslukofa (Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóradalssel).




**Stóridalur-67**
**Sérheiti:** Sléttárdalur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Austur af bæjartóftunum eru aðrar tóftir sem samkvæmt túnakorti frá 1920 eru gripahús.

**Lýsing**

Tóftin er 19x12-15m að utanmáli og snýr austur/vestur. Lögun tóftar er vel greinileg nema til vesturs þar sem veggjalög eru nokkuð óljósari að líkindum vegna hruns úr veggjum. Sjö hólf eru í tóftinni,



**Mynd 21. Fjárhústóftin (nr. 67), horft er til suðausturs selhóll efst fyrir miðju.**

fjögur til suðurs og þrjú til norðurs. Aðeins einar dyr eru sjáanlegar og snúa þær mót vestri. Úr þeim er gengt í þrjú af syðri hólfunum en engar dyr sjást á hinum fjórum hólfunum. Tóftin er að miklu leyti grasi en þó sér víða í grjóthleðslur í veggjum og eitthvað af timbri er í tóftinni. Hæð veggja er frá 20-100sm.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt Stóradalssel frá 1906 segir: „Tvö fjárhús fyrir ofan bæ, [...]“(Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóradalssel).

**Stóridalur-68**




**Sérheiti:** Sléttárdalur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Um 30m norður af bæjartóftinni (**nr. 66**) er fjárhústóft á norðurbakka bæjarlækjar.

**Lýsing**

Þar hafa staðið tvístæð fjárhús með fjórum króm en garðar eru í báðum hólfum. Tóftin snýr austur/vestur og tvennar dyr snúa til vesturs. Til austurs er heytóft eða hlaða og innangengt hefur verið úr fjárhúsunum að minnsta kosti að norðan. Tóftin er að mestu gróin grasi og veggir að hluta þýfðir, en þó sér í grjóthleðslur í veggjum og torfhleðslu þar sem rof er í vegg. Utanmál tóftar er 15x16m og veggja er frá 30-60sm.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt Stóradalssel frá 1906 segir: „Tvö fjárhús fyrir utan læk, [...]“(Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóradalssel).

**Stóridalur-69**




**Sérheiti:** Selhóll
**Hlutverk:** Hesthús
**Hlutverk annað:** Fjárhús?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Selhóll efst í túninu, þar stóð hesthús.“ (ÖS, 4). Tæplega 160m suðaustur af bæjartóftinni (**nr. 66**) á svonefndum Selhól er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og virðist sem fjárhús með tveimur króm hafi verið til suðurs en hesthús til norðurs. Tóftin snýr austur/vestur og eru þrennar dyr á henni sem vísa mót vestri. Tvískipt heytóft eða hlaða er austanvert og á syðra hólfinu eru dyr mót suðri og hugsanlega hefur verið innangengt

úr því hólfi til vesturs yfir í fjárhúsin. Ekki er að sjá að gengt hafi verið úr hesthúsinu yfir í hlöðuna/heytóftina. Veggir eru að mestu leyti
grjóthlaðnir og sjást grjóthleðslur vel í veggjum en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Veggjahæð er um 40-60sm og utanmál tóftar er 11x13m.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt Stóradalssels frá 1906 er getið um hesthúskofa (Úttektarbók Svínavatnshrepps (1906), Stóradalssel).




**Stóridalur-70**

**Sérheiti:** Sléttárdalur

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Sunnan við bæjarlækinn tæplega 30m norðaustur af bæjartóftinni (**nr. 66**) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt, 4x5m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún stendur á smá hól, um 40sm háum og virðist sem grafið hafi verið umhverfis hólinn. Nyrðra hólfið er stærra um 1x1 að innanmáli en innbrún veggja er fremur óljós til norðausturs. Sunnan liggur veggur í vinkil frá norðri til austurs og virðast dyr vera mót austri en aðrar dyr sjást ekki á tóftinni. Hæð veggja er um 30sm og eru allir veggir tóftar svipaðir að hæð.




**Stóridalur-71**

**Sérheiti:** Sléttárdalur

**Hlutverk:** Kvíar?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat**

Minjunum stafar hætta vegna landbrots.

**Staðhættir**

Í Selhvammi við Sléttá, beint suður af útihúsum (**nr. 67**) eru tóftir. Hvammurinn er grasi gróinn og markast að sunnan af læk, að líkindum sá sem nefndur er Kvíalækur í örnefnaskrá (ÖS, 4) sem rennur út í Sléttá og til vesturs af ánni. Gengt hvamminum vestan ár eru tóftir Svínavatnssels.

**Lýsing**

Nyrst þeirra, beint suður undan útihúsunum er grjóthlaðin tóft, hugsanlega kvíar sem tilheyrðu Stóradalsseli og lækurinn sem liggur sunnan þeirra er nefndur eftir. Hún er aflöng, liggur nnv/ssa og er um 7x26m að utanmáli. Tóftin liggur alveg á árbakkanum og myndar hólf við bakkann og hugsanlega annað minna til suðurs. Veggir eru um 40x80sm háir en nokkuð er hrunið úr þeim. Til norðurs frá tóftinni er 13m löng vegghleðsla um 40-60sm há. Bæði hleðslan og tóftin eru grasi grónar en þó sér í grjót í veggjum.

**Stóridalur-72**
**Sérheiti:** Sléttárdalur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Minjunum stafar hætta vegna landbrots.
**Staðhættir**
Í hvammi við Sléttá, beint suður af útihúsum (**nr. 67**) eru tóftir. Hvammurinn er grasi gróinn og markast að sunnan af læk sem rennur út í Sléttá og til vesturs af ánni. Gengt hvamminum vestan ár eru tóftir Svínavatnssels.
**Lýsing**
Sunnan við fyrrnefndan læk er röð grjóthlaðinna tófta sem liggja frá norðri til suðurs eftir austari árbakka Sléttár á mjórri sléttri landræmu, milli árinnar og nokkuð brattrar brekku að austan. Tóftirnar sem liggja í einni samhangandi röð eru a.m.k. 7, jafnvel 8 og eru dyr eða hlið á þeim öllum til vesturs nema nyrsta hólfinu. Þær eru í heild tæplega 30m langar og 5m breiðar, veggir eru 40-90sm á hæð og breidd er að jafnaði um 80sm. Eins og áður sagði eru þær grjóthlaðnar og sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum en að öðru leyti eru tóftirnar grasi grónar. Útlit tóftarinnar er fremur óvenjulegt og hlutverk þeirra er óvíst.




**Stóridalur-73**
**Sérheiti:** Sléttárdalur
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á tungunni milli Sléttár að vestan og lækjar (hugsanlega þess sem nefndur er Smáhólalækur í örnefnaskrá (ÖS, 4)) að austan, tæpa 200m suður af Sléttárdalsbýlinu er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng og snýr norður/suður um 5x9m að utanmáli, engar dyr sjást á tóftinni. Veggirnir sem eru um 30sm háir eru hlaupnir í þúfur og tóftin sker sig lítt úr umhverfi sínu sem bent getur til þess að hún sé nokkuð gömul. Hún er gróin og sér hvergi í grjót í veggjum.

**Stóridalur-74**
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Efst á hálsinum ofan við bæinn, eða rúmlega 600m austur af honum er varða og norðan við hana er smalakofinn.
**Lýsing**
Kofinn er ferhyrndur um 1,5x1,5m að utanmáli. Veggir sem hlaðnir eru úr grjóti eru hrundir og mest um 10-20sm á hæð.


**Mynd 22, smalakofi (nr. 74) horft til suðvesturs fram Sléttárdal.**

**Stóridalur-75**
**Sérheiti:** Hagakot
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Hagakostshæð sé niður undan Kirkjuhólum og Hagakotskelda frá hólunum niður að hæðinni. Hagakotsskurður hét jarðfall sem liggur ofan að Sléttá og var merki milli Sléttárdals og Stóradals. „Þegar Kristján Jónsson bjó í Stóradal, byggði hann beitarhús á Hagakotshæðinni og hafði þar stundum húsfólk, var þar þá nefnt Hagakot.“ (ÖS, 5).
**Lýsing**
Hagakotshæð er þekkt örnefni en engar tóftir fundust þar við vettvangsskráningu sumarið 2009 og ekki þekkti Kristján Jónsson ábúandi í Stóradal til þeirra. Þegar skoðaðar eru loftmyndir af svæðinu sést ferhyrndur reitur 10x15m að utanmáli. Hugsanlegt er að það séu leifar beitarhúsanna sem gætu að öðru leyti verið horfin, t.d. vegna vindrofs. Þetta hnit er birt með fyrirvara um að minjarnar sáust ekki á vettvangi og að það sem sést á lofmyndinni er ekki óyggjandi.

**Stóridalur-76**
**Sérheiti:** Járnhryggur
**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Járnhryggur var kallað garðlag, sem lá sunnan frá Gerði og yfir Járnhött, norður ofan við Hólavöll og Efra-vikuverk.“ (ÖS, 1). Samkvæmt Þóreyju Jónsdóttur náði garðlagið frá gilinu í sveig vestur fyrir núverandi fjárhús og svo með stefnu í norður skáhalt upp brekkuna ofan við bæinn.
**Lýsing**
Ekkert greinilegt garðlag fannst á þessum slóðum við skráningu sumarið 2009. Sunnan við núverandi fjárhús eru hins vegar óljósar hleðslur í háum vegkanti sem gengur þvert yfir lækjargilið í stefnu að tóftum annarra fjárhúsa (nr. 13). Hvort þarna hafi upphaflega verið garðlag er óljóst, en síðast hefur vegur legið þarna yfir gilið.
**Aðrar upplýsingar**
Járnhryggur var teiknaður upp á loftmynd samkvæmt tilsögn Þóreyjar Jónssdóttur

**Stóridalur-77**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn/hleðsla
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ullarberg klettur í Keldudalsbrúninni að vestan út og ofan undan bænum.“ (ÖS, 6). Kletturinn er um 360m norðvestur af bænum, en rúma 100m suður af honum er lág hleðsla á bakkanum vestan við sundið.
**Lýsing**
Hleðslan er um 3x2m að ummáli og liggur norðvestur-suðaustur, um 10sm há. Hleðslan er upp við steinaröð undan girðingu sem legið hefur þvert yfir sundið sunnan við Ullarberg með stefnu í norðaustur.


*Mynd 23, horft til norðausturs eftir gömlu girðingastæði suður af Ullarbergi, á bakkanum vestan við sundið er lítil steinlögn eða hleðsla upp við girðingarstæðið (nr. 77).*

**Stóridalur- 78**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður vestan við bæinn.
**Lýsing**
Matjurtagarðurinn er nú horfinn en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og því má gera ráð fyrri nokkurri skekkju á hnitunum. Hluti garðsins sést á mynd af gamla bænum í Stóradal (**sjá 1. mynd**).

**Stóridalur- 79**
**Sérheiti:** Stóradalssel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Stóradalssel er um 4,5km suður af Stóradal og eru tóftirnar upp af austurbakka Sléttár. Þar var síðar býlið Sléttárdalur þar sem búið var fram til 1944 (Húnaþing II, 237).
**Lýsing**
Engar augljósar minjar sels fundust á vettvangi, en líklegt er talið að selið hafi verið á sama stað og bærinn stóð síðar. Það verður þó að hafa fyrirvara á þessari staðsetningu. Hugsanlega eru minjar nr. 71-73 frá þeim tíma er haft var í seli á þessum stað.
**Aðrar upplýsingar**
Í Húnaþingi II segir: „[Sléttárdalur] er eyðibýli framantil á Sléttárdalnum. Það hét áður Stóradalssel og var hluti af Stóradalslandi. […] Árið 1911 var stofnað þarna lögbýli.“[19] Þar var búið fram til 1944.

[19] Húnaþing II, 237.

## Horfnar minjar og óskráðar

**Stóridalur- 80**
**Sérheiti:** Neskot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Neskot: „var hjer hjáleiga, bygð fyrst á vorum dögum í einginu þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið. Hefur nú 12 ár í auðn legið“ (JÁM, 334).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Kristjáni Jónssyni var býlið niður við Svínavatn um 200m austan við ósinn en hvarf þegar hækkaði í vatninu þegar Laxárstífla var gerð.

**Stóridalur- 81**
**Sérheiti:** Grænistekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Grænistekkur, gömul stekkjarbrot, séu á milli Grænastekkjarskurðar ytri og syðri (ÖS, 5).
**Lýsing**
Stekkjartóftin fannst ekki við vettvangsskráningu 2009 og kannaðist Kristján Jónsson bóndi í Stóradal ekki við tóftina.

**Stóridalur- 82**
**Sérheiti:** Hagakot
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Hagakostshæð sé niður undan Kirkjuhólum og Hagakotskelda frá hólunum niður að hæðinni. Hagakotsskurður hét jarðfall sem liggur ofan að Sléttá og var merki milli Sléttárdals og Stóradals. „Þegar Kristján Jónsson bjó í Stóradal, byggði hann beitarhús á Hagakotshæðinni og hafði þar stundum húsfólk, var þar þá nefnt Hagakot.“ (ÖS, 5).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur sem ólst upp í Stóradal var býlið Hagakot ekki á sama stað og beitarhúsið sem getið er um í örnefnaskrá. Samkvæmt Þóreyju var býlið vestan við hæðina, niður á árbakka Sléttar. Engar minjar fundust við vettvangsskráningu 2009 og taldi Þórey að það gæti stafað af því að þær séu að einhverju eða öllu leyti farnar í ána sem hefur breytt farvegi sínum.

**Stóridalur- 83**
**Sérheiti:** Stórabarð
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
„Hjallaás hár ás suður frá Kirkjuhóladragi, á Hjallaás nál. miðjum er varða, þar eru talin merki og frá henni bein lína í vörðu syðst í Stórabarði.“ (ÖS, 2).
**Lýsing**
Varðan varð ekki skráð sumarið 2009 en verður skráð með Guðlaugsstaðalandi.

**Stóridalur- 84**
**Sérheiti:** Heygarðaflói
**Hlutverk:** Heygarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Heygarðaflói suður Barðalækjardragi að mestu í Guðlaugsstaðalandi.“ (ÖS, 3).
**Lýsing**
Þetta svæði var ekki skráð sumarið 2009 en verður skráð með Guðlaugsstaðalandi.

**Stóridalur- 85**
**Sérheiti:** Birgisbunga
**Hlutverk:** Byrgi?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Birgisbunga sé fyrir ofan Laugaflóa (ÖS, 4).
**Lýsing**
Þetta svæði var ekki skráð sumarið 2009 en verður skráð með Guðlaugsstaðalandi.

**Stóridalur- 86**
**Sérheiti:** Bjarnavöllur
**Hlutverk:** Jarðvinnsla
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Bjarnavöllur heitir tún sem er um 70sm suðvestur af bænum þar voru beðasléttur og einnig neðan undir bæjarhólnum sem er suðaustur af bænum.
**Lýsing**
Beðasléttturnar sjást ekki lengur og eru komnar undir slétt tún.

**Stóridalur- 87**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „nes heitir svo einu nafni frá tungunum norður að Svínavatni. Syðst í því er safngirðing, þar sem safnið er geymt nóttina fyrir réttardaginn og réttardaginn þar til það síðast kemst í réttina. Norðan við girðingu þessa er svo fjárréttin, sem nú má heita að sé orðin ónothæf enda byggð úr torfi fyrir síðustu aldamót.“ (ÖS, 6).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Þóreyju Jónsdóttur stóð réttin á sama stað og Auðkúlurétt er í dag og er hún því horfin.

# Auðkúla – söguágrip



**Mynd 24. Horft til norðurs heim að Auðkúlu 1.**

Í Húnaþingi II er eftirfarandi lýsing á Auðkúlu: „Margt bar til að gera prestakallið eftirsótt. Í fyrsta lagi er staðurinn einkar þokkasæll. Bærinn stóð á lágum ási norðan undir Svínadalshálsi í 180m hæð yfir sjó. Svínadalshálsinn teygist norður úr Auðkúluheiði og endar í öxl eða kúlu, sem er 348 m yfir sjó. Þar af mun nafnið dregið, en það breyttist fljótt í Auðkúla, sennilega vegna ágætis bújarðarinnar. Útsýni frá bænum er vítt og fagurt.
Í öðru lagi var kallið mjög hægt, aðeins tvær kirkjur og skammt milli þeirra, einkum um vetur, er Svínavatn var ísi lagt. Allt lá það innan sömu sveitar og afskekktustu bæirnir, þ.e. framan Gilsárgils, þar sem nefnt er á Bug, lágu utan þess. Þeir heyrðu til Blöndudalshólasókn.
Í þriðja lagi var bújörðin mjög góð, bæði til slægna og beitar, og silungsveiði til heimilisnota í Svínavatni. þá var og Auðkúluheiðin drjúg tekjulind, sem jafna mátti við dúntekju, lax- og selveiði sumar annarra beztu prestssetra landsins.
Nú er Auðkúlustaður ekki lengur hinn sami og áður var. Prestssetrið er lagt niður [árið 1952], og Landnám ríkisins hefur yfirtekið jörðina. Á vegum þess eru risin þar þrjú nýbýli, blómleg á sinn hátt. Öll bera þau Auðkúlu nafn.“[20] Árið 1934 var mikið land selt undan Auðkúlu sem kallað var Selland eða Kúluselsland.[21]

Auðkúla er landnámsjörð Eyvindar auðkúlu sem nam allan Svínadal og settist að á Auðkúlustöðum.[22] Auðkúla og Auðkúlustaðir koma nokkrum sinnum fyrir í Sturlungu[23] og

[20] Húnaþing II, 238.
[21] Örnefnaskrá Auðkúlu, bls. 5.
[22] Íslendingasögur I, 138.
[23] Sturlunga I, 161, 496, 529, 533. II, 162, 163,281.

segir þar m.a. frá því að þáverandi ábúandi Bjarni á Auðkúlustöðum sór ásamt 11 öðrum úr Norðlendingafjórðungi skatt til Hákonar konungs árið 1262.[24]

Kirkja er á Auðkúlu og er hennar fyrst getið í Auðunarmáldaga frá 1318[25] og var hún tileinkuð Jóhannesi skírara í kaþólskum sið.[26] Í jarðabók frá 1706 segir að jörðin sé „kirkjustaður og beneficium síðan Guðbrandur biskup lagði þessa jörð frá Hólastól til fátækra presta uppheldis, so síðan er staðurinn beneficium.“[27] Þegar máldaginn var gerður 1318 átti kirkjan land í Sléttárdal (þar kallaður Sléttidalur) og reka á Háumöl á Skaga og fékk greiddan heytoll, lýsistoll og tíund frá 8 bæjum.[28] Í máldaga Hólabiskups Jóns Skalla Eiríkssonar frá 1360 á kirkjan enn land í Sléttárdal (svo skrifað) og reka á Háumöl á Skaga[29] og helst svo fram um aldir[30]. Í máldaga kirkjunnar frá 1360 er jafnframt getið að kirkjan eigi hálfa sauðhöfn í Bólstaðarhlíð.[31] Í máldaga frá 1394 er prestskuld væri á Auðkúlu, prestur tók 4 ½ mörk heima en utan garðs þrjár merkur.[32] Árið 1398 selur Halldór Eldjárnsson Ívari Nikulássyni hálfa jörðina Svínavatn og meðfylgjandi er selför í Laugarhól í Auðkúlustaða jörð auk sambeitar við Tungunes jörð.[33] Kirkju er getið í Kirknatali Hólabiskupsdæmis frá 1429 og sagður 1 prestur þar.[34] Í Vísitasíugerð Jóns Hólabiskups árið 1432[35] er sagt að kirkjan eigi 10 hundruða jörð sem nefnd er Litlidalur í Sléttadal (svo skrifað). Hafði hún verið leigð út fyrir x aura árlega síðastliðin 12 ár. Auðkúla er þá metin á 120 hundruð en óreiknaðar eru gamlar eignir kirkjunnar.[36] Kirkja sú sem stendur á Auðkúlu í dag er upphaflega byggð árið 1894 úr timbri á grjóthlöðnum grunni og var hún áttstrend. Sú kirkja var reist utan (sunnan) kirkjugarðs en áður hafði staðið innan garðs torfkirkja sem byggð var 1835. Árið 1970 var timburkirkjan færð um 25m til norðurs og var þá sett á steyptan grunn. Upp úr 1995 var kirkjugarðurinn stækkaður til suðurs og stendur kirkjan nú innan garðs.[37] Hér hefur einungis verið tæpt á sögu kirkju á Auðkúlu en nánari upplýsingar má fá í 8. bindi af Kirkjum Íslands.

### Ábúð

Árið 1421 selja þau Ásgeir Ásgeirsson og Guðfinna Þorgeirsdóttir þeim Þorleifi Árnasyni og Kristínu Björnsdóttur hálfa jörðina Auðkúlu ásamt fleiri jörðum.[38] Þegar manntal var fyrst tekið 1703 voru 10 manns til heimilis en þegar mest var árið 1870 voru 21 í heimili.[39]

### Jarðamat

Jarðardýleiki Auðkúlu var metin 50 hundruð árið 1696[40] en í jarðabók 1706 sagður óviss, landskuld var engin og leigukúgildi engin síðan jörðin varð beneficium. Þó er tekið fram að amtmaðurinn Christian Muller hafi látið skattleggja kirkjujörðina fyrir 1 hundrað en „engin eru til þeirrar virðíngar rök leidd, so menn viti.“ Sex kúgildi fylgdu jörðinni til uppihalds

[24] Sturlunga I, 529.
[25] Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi.
[26] DI II, 474.
[27] Jarðabók 8. bindi, 331.
[28] DI II, 474.
[29] DI III, 160.
[30] Kirkjur Íslands, 8. bindi, 9.
[31] DI III, 160.
[32] DI III, 542.
[33] DI III, 640.
[34] DI IV, 382.
[35] Þetta var þriðja vísitasíugerð Jóns Vilhjálmssonar Hólabiskups um Húnavatns og Hegranesþing.
[36] DI IV, 512.
[37] Kirkjur Íslands 8. bindi, 11-18.
[38] DI IV 293.
[39] http://manntal.is/#
[40] Björn Lárusson (1967), 236.

prests. Kvikfénaður var 9 kýr, 90 ær, 28 sauðir tveggja vetra og eldri, 16 sauðir veturgamlir, 1 kálfur, 6 hestar, 5 hross, 1 unghryssa, 3 folöld, lömb um 40. Um hlunnindi segir að skógur til kolagerðar sé þrotinn en hafi áður verið nægur. Rifhrís er nægt en torfrista og stunga fer þverrandi. Minnkandi laxveiði var sögð í Svínadalsá en silungsveiði var í Svínavatni og í fjallavötnum. Grasatekja, hvanna- og hvannarótartekja var góð. Jörðinni fylgir allur reki á Skaga austan frá Depli og vestur að Mávatanga og beitarland í Bólstaðarhlíðarfjalli sem þó hefur ekki verið í notkun lengi. Svínadalsá spillir engjum staðarins.[41] Í jarðatali 1847 er dýrleiki ekki metin en landskuld sögð 1,9, kúgildi 2 og er ábúandi prestur á Auðkúlu. Neðanmáls er þess getið að hreppstjóri telji jörðina 30 hundruð að dýrleika[42] og í jarðabók frá 1861 er jarðamat sagt að fornu 30 hundruð en að nýju 52 hundruð.[43]

## Hjáleigur og sel

***Kúlusel*** var á Sléttárdal, norðan við Stóradalssel sem síðar nefndist Sléttárdalur. Þar var búið fram yfir aldamótin 1900 og árið 1903 eru þrír skráðir þar til heimilis.[44] Síðasti ábúandi fór þaðan 1907.[45] Ekki getur jarðabókin 1706 um selstöðu frá Auðkúlu en þess er getið að selstaða sé á Sléttárdal frá Svínavatni „og hefur hún verið brúkuð í manna minni.“[46] Ljóst er bæði af heimildum og minjum á svæðinu að selin hafa verið fleiri en eitt.[47] Þegar leitað er að nafninu ***Auðkúlusel*** á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands koma upp tvær færslur annarsvegar árið 1860 og hinsvegar 1870. Í báðum manntölum eru ábúendur 6 en eru þó ekki hinir sömu. Þegar leitað er að heitinu ***Kúlusel*** birtast færslur 1835, 1840, 1855, 1861, 1870, 1890 og 1901. Í fyrstu tveimur manntölunum er aðeins einn ábúandi Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrst skráð búandi og síðar einsetukona (1840) og er þá Kúlusel jafnframt skráð sem hjáleiga. Engir ábúendur eru skráðir 1845 og 1850 en árið 1855 er tveir skráðir til heimilis þau Sigurður Hafsteinsson húsmaður og kona hans Guðrún Pálsdóttir. Árin 1890 og 1901 eru þrír skráðir til heimilis í Kúluseli. Árin 1860 og 1870 eru skráðir sömu ábúendur og undir Auðkúluseli og virðist því um sama sel að ræða.[48] Í þætti um eyðibýli í Húnaþingi sem birtist í Húnaþingi III segir „Frá Auðkúlu voru nokkrar selstöður vestan kvíslarinnar, og var þar búið allengi, en þá trúlega aðeins í einu seljanna í senn. Í svonefndu Kúluseli bjó síðastur Þorlákur Ásmundsson, sem mun hafa horfið þaðan 1907. Var þetta sel frammi á móti Sléttárdal. Allmiklu utar, á svonefndum Lækjum, eru rústir annars sels, og bendir stærð þeirra til talsverða umsvifa, þó að sel þetta, sem einnig var frá Auðkúlu, muni ekki hafa verið drjúgt sem sjálfstætt býli.“ Var þetta sel ýmist nefnt ***Imbusel, Ingibjargarsel eða Kerlingarsel***.[49] Sel var frá Svínavatni sem kallað var Svínavatnssel eða Gíslasel.[50] Búseta virðist hafa verið á öllum þeim þremur seljum sem getið hefur verið hér að ofan en við vettvangsskráningu 2009 fundust fjórðu seltóftirnar sem ekki finnst heimildir um.

Eins og getið er hér að ofan var jörðin ***Litlidalur*** í Sléttárdal upphaflega afbýli frá Auðkúlu, metið á 10 hundruð[51] jarðardýrleiki var sá sami 1847 og er Litlidalur þá orðin sjálfstæð jörð,

[41] Jarðabók 8. bindi, 332-333.
[42] Jarðabók Johnsen (1847), 236.
[43] Ný Jarðabók (1861), 95.
[44] http://manntal.is/#.
[45] Húnaþing III, 306.
[46] Jarðabók 8. bindi, 336.
[47] http://manntal.is/#
[48] http://manntal.is/#
[49] Húnaþing III, 306.
[50] ÖSA, 5.
[51] DI IV, 512.

landskuld var þá reiknuð 0,6, kúgildi voru 3 og ábúandi var 1 leigjandi.[52] Jarðardýrleiki hækkaði þegar nýtt mat var gert 1861 og var þá 14,2 hundruð.[53]
Ólafur Olavius getur eyðibýlisins Klúkukots en það bæjarheiti er ekki þekkt á þessum slóðum og gæti því verið um misritun að ræða og býlið hafi heitið Kúlukot. Ekki var honum kunnugt um hvenær býlið fór í eyði eða af hverri ástæðu.[54]

[52] Jarðatal Johnsen, 237.
[53] Ný Jarðabók (1861), 95.
[54] Ólafur Olavius, 285.

## *Fornleifaskráning*




*Mynd 25 heimatúnið á Auðkúlu mælt upp af Guðmundi Jósafatssyni árið 1920, túnið var þá 8 ha og um helmingur þess sléttur og 208 m$^2$ matjurtagarður. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minjanna í skýrslunni, nr. 1 er gamla íbúðarhúsi á Auðkúl, nr. 2 er kirkjan þar sem hún stóð áður o.s.frv. Túnakortið er lagt yfir loftmynd frá Landmælingum Íslands.*

**Auðkúla-1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Bærinn stóð austan við íbúðarhúsið á Auðkúlu 1. Um hann segir í örnefnaskrá „bærinn á Auðkúlu stóð, og stendur enn, í miðju túni, [...]“ (ÖLS, 1).
**Lýsing**

Bærinn er horfinn en samkvæmt Valdimar Ásgeirssyni bónda á Auðkúlu 1 sáust menjar hans í garðinum austan við íbúðarhúsið en þær eru nú horfnar. Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni (f. 1946) bónda í Holti voru skemmur úr torfi með timburþili norður af gamla bænum og minnti hann að þær hefðu verið áfastar bænum. Þær stóðu áfram eftir að bærinn var rifinn, vnv af íbúðarhúsinu (steinsteyptu) sem reist var á Auðkúlu snemma á 20. öld.

**Aðrar upplýsingar**

„Húsaskipan á Kúlu var slík, að úr baðstofu voru löng göng þráðbeint til bæjardyra. Tvennar voru krossdyr á þessari leið, leiddu hinar innri til búrs og eldhúss, en hinar fremri til stofu og skála þess sem fyrr er nefndur." (Jónbjörn Gíslason (1964), 7). Samkvæmt Jóhanni Halldórssyni var húsið ekki byggt úr góðu efni og var húsið rifið fyrir 1970 og stendur kirkjan nú á grunni hússins.



**Mynd 26. Kirkjan á Auðkúlu áður en hún var færð. Dyrnar snéru mót austri. Myndin er í eigu Ásdísar Arnljótsdóttur og birt með hennar leyfi. Ljósmyndari ókunnur.**

**Auðkúla-2**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Kirkja

**Staðhættir**

Auðkúlukirkja er fremur sérstök í útliti, áttstrend timburkirkja sem upphaflega var reist á grjóthlöðnum grunni árið 1894. Hún var reist sunnan kirkjugarðs en 1970 var hún flutt um 25m norðar þar sem að nokkuð var orðið þröngt um kirkjuna á bæjarstæðinu. Þá stóð hún sunnan kirkjugarðs en um 1995 var garðurinn stækkaður til norðurs og stendur kirkjan nú á steinsteyptum grunni í kirkjugarðinum (Kirkjur Íslands 8. bindi, 11-18). Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni var kirkjan flutt og endurreist á grunni íbúðarhúss úr steini sem reist var á Auðkúlu upp úr aldamótunum 1900.

**Aðrar upplýsingar**

Nánari upplýsingar um kirkjuna má finna í 8. bindi af Kirkjum Íslands sem kom út árið 2006.

**Auðkúla-3**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Forveri kirkjunnar á Auðkúlu var torfkirkja reist í miðjum kirkjugarði árið 1835 í tíð séra Jóhanns Pálssonar (1795-1840) (Kirkjur Íslands 8. bindi, 11).

**Lýsing**

Kirkjan er horfin en punktur var tekinn í miðju kirkjugarðs eftir hnitsettu túnakorti frá 1920. Því má gera ráð fyrir að nokkur skekkja sé á punktinum.

**Aðrar upplýsingar**

„Hún var í sex stafgólfum, 13 ¾ alin að lengd og 5 11/12 alin á breidd milli þilja, [...]" (Kirkjur Íslands 8.bindi, 11). Nánari upplýsingar um kirkjuna má finna í 8. bindi af Kirkjum Íslands sem kom út árið 2006.

**Auðkúla-4**

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Kirkjugarður

**Staðhættir**

Kirkjugarður liggur umhverfis núverandi kirkju á Auðkúlu. Hann má sjá á túnakorti frá 1920 og stóð kirkjan þá sunnan hans.

**Lýsing**

Kirkjugarðurinn er enn á sama stað í dag en hefur verið stækkaður nokkuð til suðausturs. En eldri leiði liggja norðvestan kirkjunnar. Torfkirkja stóð áður í miðju garðsins. Árið 1894 var ný kirkja reist utan hans en í dag stendur hún innan garðs eftir stækkun hans um 1995 (Kirkjur Íslands 8.bindi, 11; 36).

**Auðkúla-5**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Á túnakorti er matjurtagarður vestur af bænum og þar segir að matjurtagarðar séu alls 208 ferfaðmar.

**Lýsing**

Matjurtagarðurinn er horfinn en þegar hnitsett túnakort er lagt yfir loftmynd af Auðkúlu virðist hann hafa verið nokkurn veginn þar sem íbúðarhúsið á Auðkúlu 1 stendur í dag. Hnit voru tekin eftir túnakortinu og því má gera ráð fyrir nokkurri skekkju á punktinum.

**Auðkúla-6**
**Hlutverk:** Skemma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 er útihús norðvestur af íbúðarhúsinu en vestur af kirkjugarðinum. Miðað við staðsetningu er líklegt að þar séu merktar skemmur sem heimildamaður Jóhann Halldórsson mundi eftir, hlaðnar úr torfi með timburþili, tvær eða þrjár burstir. Hélt hann að skemmurnar hefðu áður verið áfastar gamla bænum að norðan (**nr. 1**). Punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti og því getu verið á honum nokkur skekkja.



**Mynd 27. Á myndinni er Elín Guðmundsdóttir en í horninu til hægri sést í gömlu skemmuna. Myndin er í eigu Ásdísar Arnljótsdóttur og birt með hennar leyfi. Ljósmyndari er ókunnur.**

**Auðkúla-7**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Á túnakorti eru útihús suðaustur af kirkjunni, þar stóð fjós það sem nefnt er í örnefnaskrá og Fjósvöllur var suður og niður af bænum (ÖLS, 1).

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni var stóð fjósið nálega þar sem fjósin á Auðkúlu 1 standa í dag. Þau voru úr torfi og voru stór á þess tíma mælikvarða. Taldi hann að það hefðu verið um 16-20 básar í fjósinu. Í örnefnaskrá er þess getið að fjósbrunnur hafi verið beint inn af fjósdyrum (ÖS, 2). Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og því getur verið á honum nokkur skekkja.

**Auðkúla-8**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Heimabrunnur mitt á milli íbúðarhúss og hesthúss, sem var norðan undir fjósi.“ (ÖS, 2).
**Lýsing**
Óvíst er hvort hesthúsið hafi verið áfast fjósinu (**nr 7**) en það er ekki ólíklegt miðað við lýsingu en það er nú horfið. Hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá og því má gera ráð fyrir allnokkurri skekkju á honum.

**Auðkúla-9**
**Hlutverk:** Vatnsból
**Tegund:** Uppspretta
**Staðhættir**
Lind var við kofa í túnjaðrinum beint niður undan bænum (ÖS, 2).
**Lýsing**
Samkvæmt Valdimar Ásgeirssyni bónda á Auðkúlu 1 var lindin á mótum tveggja handgrafinna skurða rúmlega 130m norður af kirkjunni. Þarna eru nú slétt tún en þó sér móta fyrir skurðunum og enn kemur vatn úr lindinni sem notað er til að brynna skepnum.

**Auðkúla-10**
**Hlutverk:** Fráveita
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í túninu tæplega 100m norðaustur af kirkjunni eru tveir handgrafnir skurðir. Annar skurðurinn liggur frá suðaustri til norðvestur og hann mætir hinum skurðinum þar sem að lindin (**nr. 10**) er. Skurðirnir voru skráðir af lofmynd og eru alls 112m á lengd.

**Auðkúla-11**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft?
**Staðhættir**
Tæplega 70m í hánorður frá kirkjunni sjást á loftmynd 2 eða 3 samsíða veggjalög sem mynda ferning um 13x15m að utanmáli. Þær fundust ekki við vettvangsskráningu sumarið 2009 og engar heimildir eru um hús á þessum stað. Valdimar Ásgeirsson ábúandi á Auðkúlu 1 staðfesti að þarna væru veggjalög en vissi ekki hvers eðlis mannvirkið sem þar stóð hefði verið.

**Auðkúla-12**
**Sérheiti:** Kotvöllur
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kotvöllur norðast á túninu austan við áðurnefnda mýri. Á þeim velli stóð hesthús.“ (ÖSL, 2).
**Lýsing**
Í túninu tæplega 200m norður af íbúðarhúsinu á Auðkúlu 1 er tóft 9x12m að utanmáli. Ekki er ólíklegt að þarna hafi staðið hesthús það sem getið er í örnefnaskrá hér að ofan. Mikill gróður er í tóftinni en þó sást í grjót í vegghleðslum sem voru mest um 50sm háar.

**Auðkúla-13**
**Sérheiti:** Gimbrahús, Kúgildishús?
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 eru útihús nyrst í túni. Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni voru þar torfjárhús sem nú hefur verið sléttað yfir. Í örnefnaskrá kemur fram að þarna heiti Gaflsvöllur „var í eina tíð svokallaður burtsláttur frá Gafli, sem var kirkjujörð.“(ÖLS, 2). Í annarri örnefnaskrá segir að Gimbrahús hafi verið einstök fjárhús á miðjum Gaflsvelli en Kúgildishús hafi verið 2 fjárhús norðast á Gaflsvelli (ÖS, 1).
**Lýsing**
Óvíst er hvor húsin eiga við þau sem merkt eru á túnakorti en þau eru nú bæði horfin og komin undir slétt tún.

**Auðkúla-14**
**Sérheiti:** Réttarhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Suður og niður er Fjósvöllur; á honum stóð fjósið. Vestur frá bænum var völlur nefndur Sólheimavöllur, og stóð bærinn austast á honum. vestur af Sólheimavelli, túnaukar, beðasléttur, nefndar Útaukar; þar voru 2 fjárhús, stór, og stór fjárrétt sunnan við þau.“ (ÖSL, 1-2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni (f. 1942) voru fjárhús, þá orðin léleg, úr torfi skammt austan við fjárhúsin á Auðkúlu 2. Kemur það ágætlega heim og saman við lýsingu úr örnefnaskrá hér að ofan. Samkvæmt Jóhanni voru þetta tvístæðuhús með heytóft en ekki hlöðu. Húsin eru nú horfin í sléttað tún. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu Jóhanns um 100m vestur af fjárhúsunum á Auðkúlu 2, gera má ráð fyrir nokkurri skekkju á punktinum.

**Auðkúla-15**
**Sérheiti:** Réttarhús
**Hlutverk:** Fjárrétt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Suður og niður er Fjósvöllur; á honum stóð fjósið. Vestur frá bænum var völlur nefndur Sólheimavöllur, og stóð bærinn austast á honum. vestur af Sólheimavelli, túnaukar, beðasléttur, nefndar Útaukar; þar voru 2 fjárhús, stór, og stór fjárrétt sunnan við þau.“ (ÖSL, 1-2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni voru fjárhús úr torfi (**nr. 10**) austan við fjárhúsin á Auðkúlu 2. Hann sagði húsin hafa verið orðin léleg þegar hann man fyrst eftir þeim. Húsin eru nú horfin í sléttað tún.



Mynd 28. Einföld steinlögn að líkindum leifar fjárhúss veggjar.

**Auðkúla-16**
**Sérheiti:** Ögmundarhús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 er útihús syðst og austast í túni. Í örnefnaskrá segir: „Háleitur, syðst og austast í túninu, öðru nafni Litladalsvöllur, sunnan í Háleit eru tvö fjárhús, nefnd Ögmundarhús.“ (ÖS, 1). Rúmlega 100m suðaustur af íbúðarhúsinu á Auðkúlu 1, sunnan vegar er steinlögn.
**Lýsing**
Þarna passar staðsetning á túnakorti ágætlega við lýsingu úr örnefnaskrá og vissu ábúendur á Auðkúlu 1 til þess að þar hafi staðið fjárhús. Húsin eru nánast horfin en við vettvangsskráningu fannst steinalögn um 10sm há og um 1x2m að ummáli sem gæti verið brot úr vegg.

**Auðkúla-17**
**Sérheiti:** Þríhyrningshús?
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlegs 120m ssv af íbúðarhúsi á Auðkúlu 1, sunnan vegar er tóft. Hún liggur um 13m norður af túngarðinum. Tóftin stendur á hól og er að líkindum sú sem nefnd er í örnefnaskrá Þríhyrningshús en um þau segir: „Þríhyrningur, vestur frá Háleit, þar stóðu hús nefnd Þríhyrningshús.“ (ÖS, 1).
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega na/sv með dyr til sa, hún er 10x26m að utanmáli og er að öllum líkindum fjárhústóft. Hún stendur á grasi grónum hól um 150-180sm hár að suðvestan, bendir það til þess að húsin hafi verið reist á eldri minjum og miðað við umfang hólsins hafa hús staðið þarna um langa tíð. Fjárhúsin, sem eru með garða, liggja norðanvert og á þeim eru tvennar dyr. Í suðvesturhluta tóftar eru 2-3 hólf og líklegast er a.m.k. eitthvert þeirra heytóft eða hlaða. Stærsta hólfið er fyrir miðri tóft 4x6m að innanmáli en sv þess er annað minna hólf 2x4m að innanmáli. Austan þess virðist vera þriðja hólfið en austur veggur þess er fremur óljós.





**Mynd 29. Horft er eftir túngarðinum til norðvesturs. Í baksýn eru útihúsin á Auðkúlu 2.**

**Auðkúla-18**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Suður af Auðkúlu 1 og 2, sunnan vegar eru leifar túngarðs.
**Lýsing**
Garðlagið skiptist í 5 hluta, alls um 407m á lengd, og rofnar það ýmist vegna þess að vegir/vegslóðar eða girðing liggur í gegnum það. Garðurinn er hvað gleggstur mót suðvestri um 2ja m breiður og 50-60sm á hæð en syðsti hlutinn er líkari bakka en eiginlegu garðlagi. Annars er garðurinn almennt um 50-100sm á hæð og um 1,2m á breidd. Hann er að mestu grasi gróinn og að miklu leyti hlaupinn í þúfur. Austasti hluti garðlagsins sem kemur í beinu framhaldi af túngarðinum virðist vera undan girðingu og ekki er ólíklegt að girt hafi verið á túngarðinn eftir að girðingar komu til sögunnar. Garðurinn er að mestu leyti sunnan þjóðvegar en um 36m langur kafli sem virðist vera óljóst framhald túngarðsins liggur norðan vegarins. Túngarðurinn virðist eldri en túnið eins og það var mælt árið 1920 þar sem útlínur þess passa ekki við garðlagið sjálft.

**Auðkúla-19**
**Sérheiti:** Ullarhvammur
**Hlutverk:** Þvottastaður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að í Ullarhvammi við Svínadalsá hafi ullin verið þvegin á vorin. Samkvæmt örnefnaskránni er Ullarhvammur suður af Stekkjarhvammi og voru hnit tekin af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá (ÖLS, 2; ÖS, 4).



**Mynd 30. Hóll nyrst í Stekkjarhvammi, horft er til austurs.**

**Auðkúla-20**
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur
**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Tæplega 1,4km vestur af Auðkúlu 1 á vestari bakka Svínadalsár er tóft í svonefndum Stekkjarhvammi (Sjá ÖLS, 2). Hvammurinn er grasi gróinn og í honum eru tvennar minjar, annars vegar stekkjartóft og hinsvegar hóll en útlit hans bendir til að þar hafi verið eitthvert mannvirki. Báðar minjarnar liggja nyrst í hvamminum.
**Lýsing**
Hóllinn er nokkuð austar en stekkjartóftin (**nr. 21**) og er tæpa 70m austur frá árbakkanum. Hann liggur í stefnuna austur/vestur, er 20x14m að ummáli og um 1m á hæð. Hann er algróinn og nokkuð þýfður við kantana. Dæld er til vesturs um 3x5m að utanmáli og austan við hana er mögulegt veggjabrot rúmlega 3ja metra langt. Að öðru leyti eru engin veggjalög sjáanleg.

**Auðkúla-21**
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 1,4km vestur af Auðkúlu 1 á vestari bakka Svínadalsár er tóft í svonefndum Stekkjarhvammi (Sjá ÖLS, 2). Hvammurinn er grasi gróinn og í honum eru tvennar minjar, annars vegar stekkjartóft og hinsvegar hóll en útlit hans bendir til að þar hafi verið eitthvert mannvirki. Báðar minjarnar liggja nyrst í hvamminum.




**Lýsing**
Stekkjartóftin liggur undir hvammbrekkunni tæpa 30m frá árbakkanum. Tóftin er byggð upp við bakkann að norðan og norðvestan. Sjálf réttin er að vestan verðu um 10x3m að innanmáli austan við er lítið hólf eða lambakró, 3,5x1,7m, norðan hennar er óljóst lítið hólf upp við bakkann, um 2,2m á kant. Veggir eru 40-120sm háir, grasi grónir, hlaðnir úr torfi og grjóti.




**Auðkúla-22**
**Hlutverk:** Áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að flæðiengi hafi verið meðfram Svínadalsá (ÖLS, 3). Nokkrir áveitugarðar eru á engjunum meðfram ánni að austanverðu og er sá fyrstu sem talinn er hér um 2km norðvestur af Auðkúlu 1. Garðurinn liggur í um 130m fjarlægð frá Svínadalsá en er við bakka nánast uppþornaðar kvíslar.
**Lýsing**
Garðurinn liggur frá vestri til austurs og beygir til suðausturs u.þ.b. fyrir miðjum garði. Hann er grasi gróinn, alls um 65m langur og er 10-40sm á hæð.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan Drögin og lækinn er raunverulega hið svokallaða Kúlunes, það er flatlendi, má heita hallalaust eða lítið, þar eru aðalengjar jarðarinnar og þrautabeit, þá harðnar að. Meðfram ánni eru þurrir bakkar og móar; var þar nokkuð flæðiengi áður fyrr.“ (ÖSL, 3).

**Auðkúla-23**
**Hlutverk:** Áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að flæðiengi hafi verið meðfram Svínadalsá (ÖLS, 3). Nokkrir áveitugarðar eru á engjunum meðfram ánni að austanverðu og er sá fyrsti (**nr. 22**) sem talinn er hér er um 2km norðvestur af Auðkúlu 1 og um 65m norðar er annar garður.
**Lýsing**

Sá garður liggur í stefnuna austur/vestur og er alls tæplega 100m langur og liggur til vesturs að uppþornaðri kvísl úr Svínadalsá ( sem áður er getið **nr. 22**). Hann er grasi gróinn um 80sm breiður og 30-40sm á hæð. Við austurendann norðanverðan er aflöng tóft.

**Auðkúla-24**
**Hlutverk:** Heytóft?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að flæðiengi hafi verið meðfram Svínadalsá (ÖLS, 3). Nokkrir áveitugarðar eru á engjunum meðfram ánni að austanverðu og er sá fyrsti (**nr. 22**) sem talinn er hér um 2km norðvestur af Auðkúlu 1 og um 65m norðar er annar áveitugarður (**nr. 23**) og við austurenda hans tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng og liggur í stefnuna norður/suður. Hún er algróin grasi og veggir sem eru um 30sm háir eru að nokkru leyti komnir í þúfur. Nyrðra hólfið er stærra um 2x11m að utanmáli en það syðra er 2x2m að innanmáli og utanmál tóftar er 7x26sm. Hlutverk tóftar er óþekkt, engar dyr eru sjáanlegar og gæti milliveggur milli nyrðra og syðra hólfs stafað af hruni úr vegg. Líklegt verður að teljast miðað við staðsetningu að þetta sé heytóft. Garðlagið sem skráð var (**nr. 23)** liggur að tóftinni að vestan og heldur áfram á rúmlega 10m kafla til austurs. Við garðendann hefur að líkindum verið tekið torf í tóftinni en þar er 10sm djúpur niðurgröftur sem er 5x10m að utanmáli.


**Mynd 31. Hringlaga garðlag fremst á mynd. Horft er til norðvesturs.**

**Auðkúla-25**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Tæplega 110m vnv af tóft (**nr. 24**) er hringlaga garðlag, líklega rétt.
**Lýsing**
Garðlagið er um 15m í þvermál að utan en um 10m að innanmáli. Veggir eru 50-70sm háir, grasi grónir og hlaupnir í þúfur og grjót finnst í þeim innanverðum. Innan réttarveggjanna virðist hafa verið grafið niður því það er um 30-40sm lægra heldur en landið umhverfis.

**Auðkúla-26**
**Hlutverk:** Áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Á austurbakka Svínadalsár, sunnan vegslóða sem liggur frá þjóðvegi og niður að ánni eru áveitugarðar. Þeir eru um 2,4km norðvestur af Auðkúlu 1.
**Lýsing**
Garðurinn er í fimm hlutum, frá árbakkanum liggur garðlag (í þremur hlutum) til norðausturs rúmlega 60m á lengd. Þar tekur það nálega 90° beygju til suðausturs og er sá hluti tæplega 30m á lengd. Garðurinn rofnar á um 10m kafla en heldur svo áfram og beygir til hásuðurs og er sá kafli garðsins rúmlega 50m langur. Hann er alls 142m á lengd, grasi gróinn, um 90sm breiður og 20-60sm á hæð.




**Auðkúla-27**
**Hlutverk:** Heytóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 100m norðvestur af áveitugarðinum (**nr. 26**) liggja þrjár grónar heytóftir í röð frá austri til vesturs. Þær eru um 70m norður af Svínadalsá þar sem hún tekur 90° beygju til vesturs og síðan aðra til norðvesturs.
**Lýsing**
Tóftin sem liggur lengst til austurs er 5x11m að utanmáli. Hún er algróin grasi og veggir komnir í þúfur, þeir eru 30sm háir. Engar dyr sjást á tóftinni.

**Auðkúla-28**
**Hlutverk:** Heytóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 100m norðvestur af áveitugarðinum (**nr. 26**) liggja þrjár grónar heytóftir í röð frá austri til vesturs og skera sig nokkuð úr umhverfi sínu. Þær eru um 70m norður af Svínadalsá þar sem hún tekur 90° beygju til vesturs og síðan aðra til norðvesturs.
**Lýsing**
Heytóftin sem liggur fyrir miðju er um 4x5m að utanmáli, hún er grasi gróin og 30sm háir veggir eru að hluta komnir í þúfur. Engar dyr sjást á tóftinni.

**Auðkúla-29**
**Hlutverk:** Heytóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Rúmlega 100m norðvestur af áveitugarðinum (**nr. 26**) liggja þrjár grónar heytóftir í röð frá austri til vesturs og skera sig nokkuð úr umhverfi sínu. Þær eru um 70m norður af Svínadalsá þar sem hún tekur 90° beygju til vesturs og síðan aðra til norðvesturs.
**Lýsing**
Vestast liggur grasi gróin tóft, 8x10m að utanmáli og veggir um 10-40sm háir, hæstir til suðvesturs. Veggur er rofinn á kafla til norðvesturs og allir veggir tóftar eru að mestu komnir í þúfur.

**Auðkúla-30**
**Hlutverk:** Heytóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 90m vestur af heytóftum **nr. 27-29** er önnur tóft, líklega einnig heytóft. Hún er rúmlega 80m frá Svínadalsá en uppþornaður eldri farvegur liggur nær tóftinni.
**Lýsing**
Tóftin er næstum ferhyrnd og regluleg að lögun. Hún er grasi gróin og veggir um 20-40sm háir. Tóftin liggur í stefnuna norðvestur/suðaustur, 6x7m að utanmáli en 3x4m að innanmáli.

**Auðkúla-31**
**Hlutverk:** Áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Rúmlega 2,8km norðvestur frá Auðkúlu 1 eru áveitugarðar á austurbakka Svínadalsár. Þeir eru um 130m norðvestur af tóftum **nr. 27-29**.
**Lýsing**
Garðlögin eru tvö, það minna til suðurs. Það er 25m á lengd, grasi gróið og um 30sm hátt og 70sm breitt. Það liggur frá norðri til suðurs með boga til austurs.

**Auðkúla-32**
**Hlutverk:** Áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Rúmlega 2,8km norðvestur frá Auðkúlu 1 eru áveitugarðar á austurbakka Svínadalsár. Þeir eru um 130m norðvestur af tóftum **(nr. 27-29)**.
**Lýsing**
Nyrðra garðlagið er í þremur hlutum alls um 104m langt. Það liggur frá norðvestri til suðausturs og er 91m á lengd. Styttri garður liggur til frá garðinum til vesturs 13m langur. Garðlagið er grasið gróið, vegghæð 30sm og breidd þess 90sm.

**Auðkúla-33**
**Hlutverk:** Óþekkt, áveita
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Við Svínavatn, nyrst og vestast í landi Auðkúlu er garðlag sem lokar af lítið hólf við vatnsbakkann.
**Lýsing**
Hlutverk garðlagsins er óvíst en hugsanlegt er að þetta sé hluti þess áveitukerfis sem skráð hefur verið hér að framan. Það er allt grasi gróið og veggur kominn í þúfur. Garðlagið er 47m á lengd, 20-30sm á hæð og um 1m á breidd. Hólfið sem garðlagið afmarkar við vatnsbakkann er 16x39m að innanmáli.

**Auðkúla-34**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Vegslóði liggur út Auðkúlunes til norðurs og svo norðvesturs og í nágrenni við hann eru vörður. Varða stendur á lítt grónum melkolli, norðan vegslóðans, tæplega 1,4km norðvestur af bænum.
**Lýsing**
Hleðslan er um 50sm á hæð og nokkuð hefur hrunið úr henni. Mosi og lynggróður eru umhverfis hleðsluna og hún er að hluta til gróin en þó ekki svo mikið að það sést vel í grjót í henni.


**Mynd 32. Hleðsla á melkolli. Horft er yfir Svínavatn til norðurs.**

**Auðkúla-35**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Vegslóði liggur út Auðkúlunes til norðurs og svo norðvesturs og í nágrenni við hann eru vörður. Varða stendur á lítt grónum melkolli tæplega 1,4km norðvestur af bænum og önnur alveg við slóðann að sunnan um 130 metrum vestar.
**Lýsing**
Varðan stendur á litlum hól eða melkolli sem standa víða standa upp úr umhverfinu en grónir móar á milli. Hleðslan er óveruleg aðeins nokkrir steinar sem dregnir hafa verið saman sumir nokkuð stórir mest um 30sm á hæð.


**Mynd 33. Horft er til suðurs yfir lága hleðslu, Kúlan sést í baksýn.**

**Auðkúla-36**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á melhól tæplega 1,3km norðvestur af Auðkúlu 1 og rúmlega 240m suður af vörðu sem skráð er (**nr. 35**) er önnur varða.
**Lýsing**
Hleðslan er um 40sm há, grasi gróin og lynggróður er umhverfis hana. Lítil fuglaþúfa hefur myndast efst á vörðunni.


**Mynd 34. Varða, horft er til norðausturs og Svínavatn í baksýn.**

**Auðkúla-37**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Tæplega 100m suðvestur frá vörðu (**nr. 36**) er einföld steinlögn á grónum melhól.
**Lýsing**
Steinlögnin er um 1,5x2m að utanmáli, einföld steinhleðsla, nálega hringlaga. Innan steinlagnarinnar er stór steinn um 50sm hár og um 40sm að þvermáli. Steininn er að hluta mosagróinn og gróið er umhverfis steinlögnina og innan hennar. Hlutverk er óvíst en hleðslan minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa en ekkert verður fullyrt um það nema með frekari rannsóknum.


**Mynd 35. Horft er til suðurs og sést Kúlan í baksýn.**

**Auðkúla-38**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 1km norðvestur af Auðkúlu 1 er tvískipt tóft líklega stekkjartóft. Vestan tóftarinnar er framræst land en austan hennar móar og meltoppar eins og víðar á nesinu.
**Lýsing**
Hún stendur á upphækkun um 50sm hárri og mögulegt er að hún sé byggð á eldri minjum. Tóftin liggur í stefnuna nnv/ssa með hlið mót norðri þar sem gengt er inn í bæði rétt og kró. Réttin er til vesturs 2x6m að innanmáli en króin til austurs 1,7x4m að innanmáli og stendur nokkuð hærra en réttin.



Austurveggur tóftar er lengri en aðrir veggir, teygir sig til norðurs og hefur líklega verið til að auðvelda innrekstur í réttina. Hæð veggja er um 20-30sm algrónir og veggir nokkuð þýfðir.




**Auðkúla-39**
**Sérheiti:** Ingibjargarsel, Kerlingarsel, Imbusel, Kúlusel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Merkjalækur á milli Litladals og Sellandsins, kemur úr Skeiðmelsflóa. Ingibjargarsel neðst í hallinu rétt sunnan við Merkjalækinn. Gamlar tóftir. Þar bjó Ingibjörg hin hæverska all lengi.“(ÖS, 5). Rétt rúma 2km ssa af Litladal eru tóftir eins Auðkúluseljanna. Selið sem upphaflega var frá Auðkúlu er nú í landi Litladals. Þar eru fernar tóftir misgamlar. Tvær tóftanna eru norðan við Merkjalækinn og tilheyra því landi Litladals en tvær sunnan hans. Tæplega 170m suður af Merkjalæk er tóft, líklega seltóft og ef marka má örnefnaskrá eru þetta tóftir þær sem nefndar eru Ingibjargarsel/Kerlingarsel eða Imbusel.
**Lýsing**
Tóftin er fjórskipt og snýr í stefnuna norður/suðurs, 12x12m að utanmáli. Til norðurs eru tvö samliggjandi hólf, á hvorugu þeirra eru greinilegar dyr en veggir eru þó meira aflíðandi á austurendum beggja hólfa og þar gætu hafa verið dyr. Til suðurs eru tvö hólf og innangengt á milli þeirra. Þau liggja samsíða frá austri til vesturs. Hugsanlegt er að dyr hafi legið frá nyrðra hólfinu til austurs en það er þó óljóst. Veggir eru grasi grónir, að hluta komnir í þúfur og hæð þeirra um 30-50sm.

**Auðkúla-40**
**Sérheiti:** Ingibjargarsel, Kerlingarsel, Imbusel, Kúlusel
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 60m ssa af seltóftinni (**nr. 39**) er fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, fjárhús til austurs en heytóft (eða hlaða) til vesturs. Hún snýr ana/vsv og er óljós garði sjáanlegur í fjárhústóftinni. Dyr eru á tóftinni og snúa til austurs og opið hefur verið á milli fjárhúss og heytóftar. Stærð tóftar er 13x6-10m að utanmáli, hæð veggja er 40-60sm og eru þeir grasi grónir og að nokkru komnir í þúfur.

**Auðkúla-41**
**Sérheiti:** Kúlusel?
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Tóftirnar eru í hættu vegna landbrots en Sléttá liggur skammt austan þeirra.




**Staðhættir**
Þrennar seltóftir eru framan (innan) við Imbusel (**nr. 39-40**). Rúma 1,2km sunnan við Imbusel á vestari bakka Sléttadalsár eru seltóftir sem að ekki virðast vera getið í heimildum. Tóftirnar eru tvær og liggja austan við vegslóða sem liggur inn Sléttárdalinn.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er sjálf seltóftin, þrískipt og liggur nálega norður/suður. Tóftin er 9x10m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir um 30-40sm háir, grónir grasi og mosa, þeir eru hlaupnir í þúfur og hafa að nokkru samlagast umhverfi sínu. Tvö hólf eru til vesturs, engar dyr sjást á þeim, hvorki út úr tóftinni né innan í henni. Eitt hólf er til austurs og eru á því dyr sem snúa til austurs. Fjárgata liggur þvert yfir tóftina frá norðri til suðurs.

**Auðkúla-42**
**Sérheiti:** Kúlusel?
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Tóftinni stafar mikil hætta vegna landbrots Sléttár og er hluti hennar þegar rofinn í burtu.
**Staðhættir**
Rúmlega 10m sunnan við seltóftina (**nr. 41**) á árbakkanum eru tóftir kvía.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng, liggur norðaustur/suðvestur og hefur hlið snúið mót norðaustri. Hún er 4x8m að utanmáli og er hæð veggja 30-40sm. Veggir eru grasi og mosa grónir og er hluti þeirra rofinn burtu vegna landbrots Sléttár og stafar tóftinni mikil hætta af frekara landbroti.




**Auðkúla-43**
**Sérheiti:** Kúlusel
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um Kúlusel segir í örnefnaskrá „Hamar heitir klettabelti, sem gengur að Sléttá sunnan við lækina. Kúlusel á árbakkanum rétt fyrir sunnan Hamarinn. Kúluselslækir upp undan selinu.“ (ÖS, 5). Þarna eru tvær nokkuð umfangsmiklar tóftir eða tóftaþyrpingar og liggja innan við 10m frá vestari árbakka Sléttár.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er fjárhústóft með heytóft (eða hlöðu). Hún snýr nnv/ssa og er 15x17m að utanmáli. Fjárhúsin eru fjögur og eru á þeim fernar dyr sem snúa mót austri (ana). Í tveimur nyrstu húsunum eru óljósir garðar. Heytóftir eða hlöður eru til vsv, virðast fimmskiptar. Ekki eru sjáanlegar dyr eða op á milli fjárhúsanna og heytóftanna og engar dyr eru út úr þeim nema á hólfinu sem snýr mót suðri. Hæð veggja er um 20-60sm og víða sér í grjót í veggjum sem annars eru vel grasi grónir og að nokkru komnir í þúfur.

**Auðkúla-44**
**Sérheiti:** Kúlusel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan við fjárhústóftina (**nr. 43**) er önnur tóft nokkuð minni, líklega seltóft og/eða íveruhús.
**Lýsing**
Tóftin er 12x13m að utanmáli, veggjahæð um 30-50sm og þeir eru grasi grónir, þýfðir en þó sér í grjót í þeim. Tóftin virðist skipt í 5 hólf. Dyr eru a.m.k. þrennar, einar mót norðvestri, aðrar mót norðaustri og þær þriðju til suðausturs. Tvö hólf eru til norðurs, dyr eru á vestara hólfinu engar sjáanlegar á því austara. Þrjú hólf eru til suðurs og eru dyr á þeim öllum.

**Auðkúla-45**
**Sérheiti:** Kúlusel
**Hlutverk:** Óþekkt,
**Tegund:** Garðlag, hleðsla
**Staðhættir**
Norðvestan við tóftirnar á Kúluseli er garðlag eða upphlaðinn vegur sem liggur frá norðri til suðurs.

**Lýsing**
Garðlagið er alls 54m á lengd en rofið á kafla að norðan, hæð er um 30sm og breidd 1m. Mýrargróður er umhverfis garðlagið/veginn og gæti því hugsanlega verið um upphlaðinn veg þar sem hægt hefur verið að komast á þurru yfir mýrina.

**Auðkúla-46**
**Sérheiti:** Svínavatnssel/Gíslasel
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Tóftin er talin í hættu vegna nálægðar við vatnsfall en hún er innan við 10m frá árbakka Sléttár.
**Staðhættir**
Svínavatnssel er á vesturbakka Sléttar, beint suður af býlinu Sléttárdal, þar eru tvennar tóftir. Um það segir í örnefnaskrá: „Svínavatnssel örskammt fyrir framan Kúlusel, í seinni tíð af ýmsum kallað Gíslasel. Þar mun seinast hafa búið maður Gísli að nafni afi Þorleifs í Sólheimum.“ (ÖS, 5).
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er 5x6m að utanmáli og liggur nv/sa með dyr til suðvesturs. Tóftin er gömul að sjá, jarðsokkin, og virðist eldri en seltóftirnar sem eru sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að hún hafi tilheyrt Svínavatnsseli því sem nefnt er í jarðabók frá 1706 þar sem segir að hún hafi verið í notkun í manna minni (Jarðabók 8. bindi, 336). Tóftin er grasi og mosagróin, veggir 30-40sm á hæð.




**Auðkúla-47**
**Sérheiti:** Svínavatnssel/Gíslasel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóft
**Hættumat**
Tóftin er talin í hættu vegna nálægðar við vatnsfall en hún er innan við 10m frá árbakka Sléttár.
**Staðhættir**
Svínavatnssel er á vesturbakka Sléttar, beint suður af býlinu Sléttárdal, þar eru tvennar tóftir.
**Lýsing**
Syðri tóftin er greinileg seltóft sem liggur austur/vestur og virðist skipt í sjö hólf. Hún er í heild 11x14m að utanmáli og veggjahæð er um 20-70sm. Tóftin er grasi gróin og eru veggir að nokkru hlaupnir í þúfur og jafnframt rofnir á nokkrum stöðum. Hún stendur á smá upphækkun og ekki er ólíklegt að hún sé byggð á eldri minjum og er freistandi að draga þá ályktun að þar sé um að ræða sel það sem nefnt er í jarðabók 1706 (bls. 336) sem getið er hér að framan. Dyr eru á tóftinni og snúa mót vestri en mót austri eru tvö samsíða hólf og er tóftin alveg opin til austurs sem mætti skýra með því að þar hafi verið tréþil eða að veggur hafi

rofnað í burtu. Til vesturs eru einar dyr sem liggja inn í að því er virðast fjögur hólf sem innangengt er á milli. Sjöunda hólfið er fremur óljóst að lögun og hugsanlega myndað af hruni úr vegg.

**Auðkúla-48**
**Sérheiti:** Langholt
**Hlutverk:** Kolagröf?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjabréfi Auðkúlu er eftirfarandi lýsing: „Merkjalaut er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í fornmanna kol, er sjást í Langholti, [...]“ (Landamerkjabók (1980), Auðkúla, skjal 129).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni bónda í Holti voru þarna tveir svartir blettir, annar töluvert gleggri en hinn. Minjarnar hurfu þegar skurður var gerður á merkjum Auðkúlu og Holts. Óvíst er hvert hlutverk þessara kola voru en heimildamaður taldi að þau hefðu verið sett þarna til þess að merkja land því sögnin var að þarna hefðu verið brennd fornmannakol. Punktur var tekinn eftir lýsingu heimildamanns og því gæti verið einhver skekkja á honum.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók frá 1706 „Skóg hefur staðurinn átt til kolagjörðar nægan, sá skógur er þrotinn so valla er eftir rifhrís, sem þó er enn brúkað til kolagjörðar.“ (Jarðabók 8. bindi, 332).

**Auðkúla-49**
**Sérheiti:** Miðmorgunsvarða/Vestari-varða?
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá er getið um landamerkjavörðu: „Graslaut þessi sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í fornmanna kol, er sjást í Langholti, þaðan í vörðu á Hrísbrún; þaðan í vörðu á vestanverðri há Kúlunni, sem nefnd er Miðmorgunsvarða frá Holti.“ (Landamerkjaskrá (1890), Auðkúla, skjal nr. 129).


**Mynd 36. Varða á há Kúlunni, horft er eftir merkjagirðingar milli Auðkúlu og Holts til suðurs yfir í óskipt land Auðkúlu 1 og 3.**

**Lýsing**
Á svonefndri Hrísbrún tæplega 1,3km ssa af Auðkúlu 1 er varða. Hleðslan er um 20-30sm á hæð, keilulaga og er um 1m í þvermál. Varðan er skammt vestan merkjagirðingar og er því í raun í Holtslandi.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá er talað um Vestari- vörðu og hún sögð vestast á Kúlunni. „Á þeirri vörðu var talið hádegi (Sú varða mun vera á merkjum milli Auðkúlu og Holts?).“ (ÖS, 2). Óvíst er hvaða varða ber þetta nafn en tvær vörður eru vestanvert á Kúlunni sem koma til greina.


Mynd 37. Horft er til norðvesturs, Svínavatn í baksýn.

**Auðkúla-50**
**Sérheiti:** Vestari-varða?
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Rúmlega 90m norðvestur af fyrrnefndri Miðmorgunsvörðu (**nr. 49**) er önnur varða.
**Lýsing**
Hún er um 4-50sm á hæð, slétt að ofan, ferhyrnd og um 1x1m að grunnmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá er talað um Vestari- vörðu og hún sögð vestast á Kúlunni. „Á þeirri vörðu var talið hádegi (Sú varða mun vera á merkjum milli Auðkúlu og Holts?).“ (ÖS, 2). Óvíst er hvaða varða ber þetta nafn en tvær vörður eru vestanvert á Kúlunni sem koma til greina.

**Auðkúla-51**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 240m norður af fyrrskráðri Miðmorgunsvörðu (**nr. 49**) eru tvennar hleðslur með innan við 1m á milli þeirra.
**Lýsing**
Austari hleðslan er nær þríhyrnd um 1m á kant og um 20-30sm há. Örlítið gras og lynggróður er umhverfis minjarnar.


Mynd 38. Horft er til norðurs, hleðsla nr. 51 er til hægri en hleðsla nr. 52 til vinstri.

**Auðkúla-52**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Um 240m norður af fyrrskráðri Miðmorgunsvörðu (**nr. 49**) eru tvennar hleðslur með innan við 1m á milli þeirra.
**Lýsing**
Vestari hleðslan er nokkuð stærri að utanmáli eða um 1x1,5m en hæð hennar er 10-20sm. Örlítið gras og lynggróður er umhverfis minjarnar.

**Auðkúla-53**
**Sérheiti:** Austari-Varða?
**Hlutverk:** Varða, eyktarmark?
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Tæplega 380m norður af Miðmorgunsvörðu (**nr. 49**) er varða, hugsanlega sú sem nefnd er Austari-varða í örnefnaskrá en um hana segir: „Austari-varða er varða austarlega á Kúlunni." (ÖS, 2).
**Lýsing**
Varðan er um 100-110sm á hæð um 2x2m að grunnflatarmáli en mjókkar upp og er efst um 50x50sm að utanmáli. Hún er flöt að ofan og gróin upp undir topp og gróður er næst vörðunni en lítt gróið þegar fjær dregur. Hlutverk vörðunnar er óvíst en hugsanlegt er að þarna sé eyktarmark frá Auðkúlu.



**Mynd 39. Horft er til norðurs.**

**Auðkúla-54**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Austanvert á hálsinum milli Svínadals og Sléttárdals norðaustur undir há Kúlunni er varða um 1,6km suðaustur af Auðkúlu 1 og tæplega 700m norðaustur af Miðmorgunsvörðu (**nr. 49**).
**Lýsing**
Varðan er ferhyrnd, um 50sm há og 1x1m að grunnmáli. Nokkuð virðist hafa hrunið úr vörðunni og liggur það umhverfis hana.



**Mynd 40. Varða austanvert á hálsinum milli Svínadals og Sléttárdals. Horft er til norðurs.**

**Auðkúla-55**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Á tæplega 100m aflangri klöpp austur undir há Kúlunni (um 430m na af Miðmorgunsvörðu **nr. 49**) eru þrennar steinlagnir og ein grjóthleðsla.
**Lýsing**
Syðst er aflöng steinlögn, þéttraðaðra steina, sem snýr nálega norður/suður. Hún er um 2,5x1m að utanmáli og 10-30sm á hæð. Hlutverk er óþekkt og hugsanlegt er að þarna hafi verið smali að drepa tímann á meðan hann sat yfir ám.



**Mynd 41. Steinlög syðst á klöpp, horft er til austurs yfir suðurenda Svínavatns.**

**Auðkúla-56**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Tæplega 10m norðvestur af steinlögninni (**nr. 55**) er hleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er óveruleg aðeins nokkrir steinar í lítilli hrúgu sem er um 20sm há og um 40x70sm að utanmáli. Hlutverk er óvíst en hugsanlegt er að þarna hafi einhver t.d. smali verið að drepa tímann með því að gera smá vörðu.



**Mynd 42. Vörðuleif, hugsanlega verk eftir smala.**

**Auðkúla-57**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Norðarlega á klöppinni eru tvær hleðslur sem liggja saman.
**Lýsing**
Syðri hleðslan er hringlaga til vesturs en ferhyrnd til austurs um 1,5x2,5m að utanmáli og um 10-20sm á hæð. Lynggróður er umhverfis hleðsluna.



**Mynd 43. Hleðslur nr. 58 til vinstri og nr. 57 til hægri. Horft er inn Sléttárdal til suðausturs**

**Auðkúla-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Norðarlega á klöppinni eru tvær hleðslur sem liggja saman.
**Lýsing**
Nyrðri hleðslan er 10-20sm á hæð og um 1x1,5m að utanmáli. Lynggróður er utan um hleðsluna.

## Horfnar minjar og óskráðar

**Auðkúla-59**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Heimreiðar er getið en hún er ekki merkt inn á túnakort. Segir að heimreiðin hafi legið norðan við fjárhúsin á Sólheimavelli vestan frá bæ. Ekki mundi heimildamaður Jóhann Halldórsson eftir heimreið á þessum stað en taldi ekki ólíklegt að hún hafi legið þarna áður því eins og lýsingin er í örnefnaskrá virðist hann hafa legið þar sem land er þurrt en mýrar víða umhverfis.

**Auðkúla-60**
**Sérheiti:** Völvuleiði
**Hlutverk:** Gröf?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í krikanum neðan við Þríhyrningshólinn sem er á mörkum milli Háleitis og Þríhyrnings er þúfa sem nefnd er Völvuleiði. (ÖS, 1).
**Lýsing**
Völvuleiði fannst ekki við skráningu 2009 og ekki þekktu heimildamenn til þess.

**Auðkúla-61**
**Hlutverk:**Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Heimabrunnur var mitt á milli íbúðarhúss og hesthúss sem var norðan undir fjósi. Hann var hlaðinn að innan og yfir honum kassi með vindu. (ÖS, 2).
**Lýsing**
Brunnurinn er horfinn og mundi enginn heimildamanna eftir að hafa séð hann eða heyrt hans getið.

**Auðkúla-62**
**Sérheiti:** Kotvöllur
**Hlutverk:** Híbýli?
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kotvöllur norðast á túninu austan við áðurnefnda mýri. Á þeim velli stóð hesthús.“
**Lýsing**
Engar heimildir hafa fundist um að þarna hafi verið kot og engar menjar þess sáust á vettvangi en þarna er nú slétt tún.
**Auðkúla-63**
**Hlutverk:** Jarðabætur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Beðasléttur voru vestur af Sólheimavelli sem nefndar voru Útaukar (ÖS, 1).
**Lýsing**
Beðasléttur fundust ekki við skráningu 2009 og er fremur líklegt að þær séu nú komnar undir slétt tún.

**Auðkúla-64**
**Sérheiti:** Gimbrahús, Kúgildishús?
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1920 eru útihús nyrst í túni. Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Halldórssyni voru þar torfjárhús sem nú hefur verið sléttað yfir. Í örnefnaskrá kemur fram að þarna heiti Gaflsvöllur „var í eina tíð svokallaður burtsláttur frá Gafli, sem var kirkjujörð.“(ÖLS, 2). Í annarri örnefnaskrá segir að Gimbrahús hafi verið einstakt fjárhús á miðjum Gaflsvelli en Kúgildishús hafi verið 2 fjárhús norðast á Gaflsvelli (ÖS, 1).
**Lýsing**
Óvíst er hvor húsin eiga við þau sem merkt eru á túnakorti en bæði húsin eru nú horfin og komin undir slétt tún.

**Auðkúla-65**
**Sérheiti:** Vatnsstekkjarholt
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Í örnefnalýsingu Lárusar Stefánssonar er svo lýst: „Frá túni að kalla liggur hallandi holtarani allar götur út og niður að vatninu, og heita þau Vatnsstekkjarholt. Neðst í holtunum var stekkur til forna, og sést glögglega fyrir honum ennþá. “ (ÖLS, 3).
**Lýsing**
Stekkurinn fannst ekki við vettvangsskráningu 2009 en skýring á því gæti verið sú að hann hafi horfið við túnasléttun en tún ná nú frá Auðkúlu 1 norður og niður að vatninu.

**Auðkúla-66**
**Sérheiti:** Hrísbrún
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá er getið um landamerkjavörðu: „Graslaut þessi sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í fornmanna kol, en sjást í Langholti, þaðan í vörðu á Hrísbrún [sagt er í örnefnaskrá að Hrísbrún liggi vestan við túnið, suðvestur að Holtslandi (ÖS, 2)]; þaðan í vörðu á vestanverðri há Kúlunni, sem nefnd er Miðmorgunsvarða frá Holti.“ (Landamerkjaskrá (1890), Auðkúla, skjal nr. 129).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni Jóhanni Guðmundssyni í Holti (f. 1946) var þarna torfvarða sem nú er horfin.

**Auðkúla-67**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá er getið um landamerkjavörðu: „[...] fram austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi næst fyrir utan svo nefnt Ingibjargarsel á Sléttárdals [Lækur þessi er í örnefnaskrá nefndur Merkjalækur (ÖS, 5)].“ (Landamerkjaskrá (1890), Auðkúla, skjal nr. 129).
**Lýsing**
Varðan var ekki skráð 2009 og ekki er vitað hvort hún stendur enn.

**Auðkúla-68**
**Sérheiti:** Bungnaás
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá er getið um landamerkjavörðu: „Úr því að Sljettá er komið ræður hún merkjum Auðkúlulands að austan og Stóradals að vestan til upptaka hennar, suður á vörðu á Bungnaás; þaðan suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk; [...]“ (Landamerkjaskrá (1890), Auðkúla, skjal nr. 129).
**Lýsing**
Varðan var ekki skráð 2009 en verður væntanlega skráð með Auðkúluheiði síðar.

# Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. Ellefu jarðir voru valdar til skráningar árið 2009, það voru auk Auðkúlu og Stóradals, jarðirnar Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóra-Giljá, Reykir, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Við skráningu Stóradals var farið fram dalinn að býlinu Sléttárdal, á þeirri leið eru gömul sel frá Auðkúlu og voru þau skráð í leiðinni, þótt minjarnar séu nú í landi Litladals. Þessar minjar munu einnig koma fyrir í væntanlegri skýrslu um Litladal og halda þá sömu kennitölu (Fvr.nr.) og hér.

***Fjöldi og ástand minja***

